

Umsögn dómnefndar

samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla
um umsækjendur um fjögur embætti héraðsdómara, tvö með fyrsta
starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjavíkur, eitt hjá Héraðsdómi
Reykjaness og eitt hjá Héraðdómi Norðurlands eystra,
sem auglýst voru laus til umsóknar í Lögbirtingablaði 25. september 2020

Reykjavík, 21. desember 2020

EFNISYFIRLIT

1. Umsækjendur	3
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á	4
3. Um málsmeðferð dómnefndar	7
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur	9
5. Mat á hæfni umsækjenda á grundvelli umsókna og gagna sem þeim fylgdu.....	23
5.1. Menntun, aðalstörf og helstu aukastörf.....	24
5.2. Mat á hæfni umsækjenda með tilliti til þess hvort þeir komi til greina að verða metnir hæfastir til þess að hljóta embætti héraðsdómara	31
6. Frekara mat á hæfni ellefu umsækjenda	34
6.1. Menntun og framhaldsmenntun	34
6.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður	35
6.2. Reynsla af dómstörfum	35
6.2.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður.....	36
6.3. Reynsla af lögmanns- og máflutningsstörfum.....	36
6.3.1. Reynsla af lögmanns- og máflutningsstörfum – samanburður.....	38
6.4. Reynsla af stjórnarsýslustörfum	39
6.4.1. Reynsla af stjórnarsýslustörfum – samanburður	42
6.5. Reynsla af fræðistörfum o.fl.....	43
6.5.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf.....	43
6.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður.....	44
6.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.	44
6.5.2.1. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður.....	45
6.6. Reynsla af stjórnun	46
6.6.1. Reynsla af stjórnun – samanburður.....	48
6.7. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.	48

6.7.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýttast dómaraefni o.fl. – samanburður.....	50
6.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi	50
6.9. Sérstök starfshæfni.....	51
6.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu	51
6.9.2. Að umsækjandi geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma, ritað þá á góðu máli og fært viðhlítandi rök fyrir dómsniðurstöðu	52
6.9.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi	53
7. Niðurstaða dómnefndar	54
7.1. Niðurstaða um hæfni umsækjenda um tvö embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og eitt embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjaness.....	55
7.2. Niðurstaða um hæfni umsækjenda um eitt embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Norðurlands eystra	57

1. Umsækjendur

Með bréfi 22. október 2020 fór dómsmálaráðuneytið þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um fjögur embætti héraðsdómara, tvö embætti með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjavíkur, eitt embætti með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjaness og eitt embætti með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Norðurlands eystra. Embættin voru auglýst laus til umsóknar 25. september 2020 í Lögbirtingablaði.

Eftirtalin sóttu um tvö embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjavíkur: Arnbjörg Sigurðardóttir aðstoðarmaður héraðsdómara, Arnór Snæbjörnsson settur skrifstofustjóri, Auður Björg Jónsdóttir lögmaður, Ásgeir Jónsson lögmaður, Bergþóra Ingólfssdóttir héraðsdómari, Björn L. Bergsson skrifstofustjóri, Björn Þorvaldsson saksóknari og sviðsstjóri, Brynjólfur Hjartarson lögfræðingur, Eva Halldórsdóttir lögmaður, Guðmundína Ragnarsdóttir lögmaður, Herdís Hallmarsdóttir lögmaður, Hlynur Jónsson lögmaður, Hulda Árnadóttir lögmaður, Höskuldur Þór Þórhallsson lögmaður, Jóhannes Rúnar Jóhannsson lögmaður, Karl Óttar Pétursson lögmaður, Margrét Einarsdóttir prófessor, Margrét Gunnlaugsdóttir lögmaður, María Thejll lögmaður, Nanna Magnadóttir formaður og forstöðumaður, Ólafur Helgi Árnason lögmaður, Sigurður Jónsson lögmaður, Valborg Steingrímsdóttir, lögfræðingur og verkefnastjóri og Þórhallur Haukur Þorvaldsson lögmaður.

Öll framangreind sóttu um eitt embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjaness og auk þeirra sóttu Jón Auðunn Jónsson lögmaður og Jónas Jóhannsson héraðsdómari um embættið.

Eftirtalin sóttu um eitt embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Norðurlands eystra: Arnbjörg Sigurðardóttir, Brynjólfur Hjartarson, Guðmundína Ragnarsdóttir, Herdís Hallmarsdóttir, Hlynur Jónsson, Höskuldur Þór Þórhallsson, Ólafur Helgi Árnason, Sigurður Jónsson og Þórhallur Haukur Þorvaldsson.

Þau Auður Björg Jónsdóttir, Ásgeir Jónsson, Bergþóra Ingólfssdóttir, Jónas Jóhannsson, Margrét Einarsdóttir og Þórhallur Haukur Þorvaldsson drógu umsóknir sínar til baka.

Samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættanna sem auglýst hafa verið laus til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála var sú að umsækjendur uppfylltu allir þau skilyrði, þ. á m. þeir sem áður höfðu verið skipaðir héraðsdómarar. Samkvæmt því hefur dómnefnd lagt mat á hæfni allra umsækjenda, enda ekki á valdsviði nefndarinnar að taka afstöðu til umræddrar ákvörðunar ráðuneytisins.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Samkvæmt lögnum skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Þágildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnarsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf dómnefndar. Dómsmálaráðherra hefur nýlega sett reglur nr. 970/2020 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, en þær komu í stað eldri reglna um sama efni, nr. 620/2010. Í 4. gr. hinna nýju reglna er á sama hátt og í 4. gr. þeirra eldri fjallað um sjónarmið, sem nefndin skal byggja mat sitt á, og segir þar svo:

„4. gr.

Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggt á.

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtæktrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenn starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamála-réttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrir mælum laga um samningu dóma og ritað þá

á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgervi.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum nr. 15/1998, er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ennfremur er þar minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafsaákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 970/2020 eru byggð á þessum tilmælum.

Dómnefnd hefur áður fjallað um í umsögnum sínum hvaða merkingu beri að leggja í þau ummæli 1. töluliðar 1. mgr. 4. gr. reglnanna „að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu“ og tekið fram að þetta matsviðmið sé ekki einfalt í meðförum. Einnig að fjölbreytt starfsreynsla umsækjanda geti aukið lögfræðilega þekkingu hans, en slíkt sé þó ekki endilega raunin. Sú ályktun hefur verið dregin af athugasemdum með frumvarpinu, er varð að lögum nr. 45/2010, að megináhersla sé þar lögð á lögfræðilega þekkingu umsækjandans. Með fjölbreyttri starfsreynslu sé átt við fjölbreytileika starfa, sem umsækjendur hafa sinnt, en ekki síður hve verkefni, sem þeir hafa fengist við, séu fjölbreytileg í þeim skilningi að þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá skiptir lögfræðileg þekking umsækjanda ekki máli, ein og sér, þegar mat er lagt á hæfni hans til að gegna embætti dómara í samanburði við aðra umsækjendur, heldur er einnig nauðsynlegt, eftir því sem tók eru á, að meta færni hans til að nýta þá þekkingu við úrlausn dómsmála.

3. Um málsmeðferð dómnefndar

Við meðferð máls þessa hafa Óskar Sigurðsson og varamaður hans, Guðrún Björk Bjarnadóttir, bæði vikið sæti úr dómnefnd vegna vanhæfis á grundvelli 3. gr. stjórnarsýslulaga. Af þeim sökum hefur dómismálaráðherra samkvæmt tilnefningu Lögmannafélags Íslands sett Heiðrúnu E. Jónsdóttur til að taka sæti í nefndinni við meðferð málsins *ad hoc*. Jafnframt hefur Helga Melkorka Óttarsdóttir vikið sæti vegna vanhæfis og varamaður hennar, Sigríður Þorgeirsdóttir, tekið sæti í hennar stað. Fyrir sátu í nefndinni Eiríkur Tómasson, formaður, Kristín Benediktsdóttir og Ragnheiður Harðardóttir. Hinn 5. nóvember 2020 ritaði nefndin umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu þá fram athugasemdir við sérstakt hæfi þeirra.

Eins og áður segir fór ráðuneyti dómismála þess á leit við dómnefnd með bréfi 22. október 2020 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda. Þótt um sé að ræða fjögur embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá þremur héraðsdómstólum eru embættin eins að öðru leyti og því sömu kröfur gerðar til hæfni þeirra sem um þau sækja. Vegna þess ákvað nefndin að leggja mat á hæfni umsækjendanna í einu lagi, enda þótt taka verði tillit til þess við matið hverjir þeirra hafa sótt um einstök embætti.

Fyrsti fundur fullskipaðrar dómnefndar var haldinn 5. nóvember 2020. Samkvæmt 10. gr. reglna nr. 970/2020 reiknast sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar frá þeim degi, en þar er jafnframt tekið fram að sá frestur geti þó orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því, svo sem mikill fjöldi umsækjenda o.þ.h.

Með tölvubréfinu 5. nóvember 2020 var umsækjendum tilkynnt að vegna þess hve margir þeir væru og í því skyni að hraða störfum dómnefndar hefði nefndin ákveðið að nýta heimild þá, sem er að finna í 6. gr. reglna nr. 970/2020, og leggja í fyrstu mat á hæfni umsækjenda á grundvelli umsókna þeirra og gagna, sem þeim fylgdu, með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem fram koma í 4. gr. reglnanna. Við þetta frummat yrði þannig fyrst og fremst litið til menntunar, starfsferils og fræðilegrar þekkingar umsækjenda eins og hún birtist í umsóknargögnum, svo og til aukastarfa þeirra sem nýttist dómaraefni, sbr. 1. og 2. tölulið 4. gr. Að því loknu yrði tekin afstaða til þess, með rökstuddu álitni á hæfni hvers umsækjanda, hverjir af þeim kæmu að mati

nefndarinnar til greina að verða metnir hæfastir til að hljóta eitthvert af umræddum dómaraembættum. Yrði öllum umsækjendum tilkynnt þessi niðurstaða og þeim gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum. Þeir einir, sem kæmu samkvæmt framansögðu til greina að verða metnir hæfastir, yrðu síðan boðaðir í viðtal, sbr. 4. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020. Í framhaldi af viðtölunum myndi nefndin skv. 8. gr. reglnanna kynna öllum umsækjendum drög að umsögn um hæfni þeirra og gefa þeim öllum kost á að koma að sjónarmiðum sínum áður en gengið yrði frá umsögninni í endanlegri mynd skv. 9. gr. reglnanna.

Í samræmi við þetta verklag var gert frummat á hæfni allra umsækjenda þar sem niðurstaða dómnefndar varð sú að þrettán þeirra kæmu til álita að verða metnir hæfastir úr hópí umsækjenda til að hljóta eitthvert hinna fjögurra embætta héraðsdómara. Að því loknu var umsækjendum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við þetta mat og nýttu fjórir þeirra sér það. Eftir að hafa farið yfir þær athugasemdir ákvað nefndin að bæta einum umsækjanda til viðbótar í hóp þeirra sem kæmu til greina að verða metnir hæfastir, sbr. kafla 5. Að öðru leyti taldi nefndin ekki ástæðu til að breyta fyrri niðurstöðu sinni. Þrír umsækjendur af þeim, sem upphaflega var ákveðið var að taka til frekara mats, drógu umsóknir sínar til baka.

Í framangreindri auglýsingu frá 25. september 2020 var m.a. áskilið að fram kæmu í umsóknum um dómaraembættin upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Á grundvelli 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020 sendi dómnefnd spurningalista til þeirra, sem umsækjendurnir, er teknir höfðu verið til frekara mats samkvæmt framansögðu, höfðu gefið upp sem umsagnaraðila. Umsækjendunum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör þeirra og hafði nefndin hliðsjón af þessum umsögnum við endanlegt mat sitt, svo sem nánar verður vikið að í kafla 6.8. hér á eftir.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendurna 30. nóvember og 3. og 4. desember 2020. Að þeim loknum var lagt frekara mat á hæfni þeirra eins og rakið er í kafla 6 og niðurstaðan loks byggð á því mati, sbr. kafla 7.

Samkvæmt 8. gr. reglna nr. 970/2020 voru öllum umsækjendum síðan send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 14. desember 2020, þar sem þeim var

gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 18. sama mánaðar. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að fram kæmi svo fljótt sem kostur væri hvort umsækjendur hygðust gera athugasemdir og þær yrðu þá sendar sem fyrst. Athugasemdir bárust frá sex umsækjendum og urðu þær til þess að nokkrar breytingar voru gerðar á fyrirliggjandi umsögn, einkum köflum 6.9.2. og 7.2., þ. á m. var niðurstöðu síðarnefnda kaflans og þar með ályktarorðum umsagnarinnar breytt í einu atriði.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda. Upplýsingarnar í þessum kafla eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjendanna. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Ambjörg Sigurðardóttir er fædd 10. janúar 1973 og er því 47 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2004. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2007 og fyrir Hæstarétti 2013. Hún starfaði sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra frá 2005 til 2007 þegar hún tók til starfa sem lögmaður, en frá 2014 var hún með eigin rekstur sem lögmaður. Í júní 2018 tók hún aftur til starfa sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra og hefur starfað þar síðan og verið settur dómari við dómstólinn í tvígang, frá 1. mars 2019 til 31. ágúst 2019 og frá 16. mars 2020 til 31. ágúst 2020. Umsækjandinn var formaður kærunefnda fjöleignarhúsamála og húsaleigumála og síðan kærunefndar húsamála 2010 til 2011. Hún kenndi refsirétt við lagadeild Háskólans á Akureyri á árunum 2008 til 2017 og hafði umsjón með áfanga á meistarastigi, var prófdómari í refsirétti og samningarétti 2019 til 2020, stundakennari í málflutningi 2018 og sakamálaréttarfari 2017, við sama skóla. Hún var í stjórn Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf., síðar ÍV sjóða hf., árin 2009 til 2018, þar af stjórnarformaður í fimm ár, og var formaður skólanefndar Menntaskólans á Akureyri 2013 til 2017. Þá sat hún í stjórn Félags lögfræðinga á Norður- og Austurlandi 2004-2009 og hefur verið formaður stjórnarinnar frá 2015.

Arnór Snæbjörnsson er fæddur 18. júní 1980 og er því 40 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2006 og meistaraþrófi í sagnfræði frá sama skóla árið 2015 auk þess að hafa lokið diplómaprófi í hafrétti frá Ródos-akademíunni í Grikklandi. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2008. Að loknu lagaprófi starfaði hann sem lögfræðingur og deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, síðar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu til 2011, en á árinu 2012 var hann starfsmaður skrifstofu löggjafarmála í forsætisráðuneytinu. Hann hefur frá árinu 2012 starfað í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Fyrst sem sérfræðingur á skrifstofu sjávarútvegs og fiskeldis til 2018 þegar hann varð yfirlögfræðingur á sviði sjávarútvegs og landbúnaðar þar til hann var settur skrifstofustjóri skrifstofu sjávarútvegs og fiskeldis í júlí 2020. Umsækjandinn hefur sinnt kennslu við Háskólann í Reykjavík og Landbúnaðarháskóla Íslands og er fastur stundakennari við Háskóla sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Hefur hann haldið fjölmörg erindi hérlendis og erlendis. Hann hefur verið í stjórn Hafréttarstofnunar frá árinu 2016 og unnið þar að stórum alþjóðlegum ráðstefnum. Hann hefur birt tvær fræðigreinar, þar af var önnur þeirra ritrýnd og hin rituð með öðrum en sú birtist á erlendum vettvangi.

Björn L. Bergsson er fæddur er fæddur 4. mars 1964 og er því 56 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í mars 1990. Síðan þá hefur hann sótt ýmis námskeið, einkum á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings í héraði 1992 og fyrir Hæstarétti 1999. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi á tveimur á lögmannsstofum til ársins 1994. Umsækjandinn hóf rekstur eigin lögmannsstofu árið 1994 og rak hana fram til ársins 2017 þegar hann hóf störf sem skrifstofustjóri Landsréttar, fyrst tímabundið en var skipaður í embættið frá ársbyrjun 2018. Af aukastörfum hans má nefna að hann hefur tekið sæti í tveimur málum í Félagsdómi og verið varaformaður kærunefndar jafnréttismála frá 2011 en 2000-2011 var hann varamaður formanns í þeirri nefnd. Hann var settur ríkissaksóknari á árunum 2009-2011 og auk þess settur til að gegna því embætti í einu máli 2016. Jafnframt var hann settur umboðsmaður Alþingis í einu máli 2013. Þá hefur hann verið nefndarmaður í endurupptökunefnd frá 2013-2017 og þar af var hann formaður hennar frá 2014-2017. Hann sat í stýrihópi dómsmálaráðherra um mótun ákærvaldsáætlunar frá 2015-2016. Þá átti hann sæti í

stjórn Hörpu ohf., áður Portus ehf., frá 2009-2012 og Situs ehf. frá 2009-2013. Umsækjandinn getur um fimm lögfræðigreinar sem hann hefur ritað. Hann var í ritstjórn Lögmannablaðsins árin 1998-2002, þar af formaður 1999. Upp úr aldamótum hafði hann í tvígang umsjón með og annaðist stundakennslu á námskeiði í fullnusturéttarfari við Háskólann á Bifröst. Í þrígang hefur hann haft umsjón með og annast stundakennslu við Háskólann í Reykjavík, ásamt öðrum, annars vegar námskeið um hlutverk verjanda í opinberum málum og hins vegar námskeið um sókn og vörn í sakamálum. Umsækjandinn hefur verið leiðbeinandi við gerð MA ritgerða við lagadeild Háskólans í Reykjavík og prófdómari við meistararitgerðir á sviði lögfræði við sama skóla. Hann hefur verið prófdómari í skriflegum og munnlegum prófum um árabil við lagadeild Háskóla Íslands. Þá hefur umsækjandinn í tvígang verið prófdómari í vinnurétti árið 2019 við Háskólann á Bifröst og Háskólann í Reykjavík.

Björn Þorvaldsson er fæddur 16. janúar 1967 og er því 53 ára. Hann lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 1993 og meistaraprófi (LL.M) í Evrópurétti vorið 2002 frá Háskólanum í Lundi. Hann lagði síðan stund á meistaranám við Raoul Wallenberg stofnunina án próftöku 2002-2003. Hann hefur lokið námskeiði hérlandis um rannsókn alvarlegra fjármunabrota. Að loknu laganámi hóf hann störf sem fulltrúi hjá sýslumanninum í Hafnarfirði. Frá september 1998 til júní 2000 var hann ritari á nefndasviði Alþingis, en hann var aðstoðarforstöðumaður sviðsins frá febrúar 2000. Hann var settur sýslumaður á Hólmavík um fjögurra vikna skeið sumarið 2001 og annaðist sumarafleysingu hjá sýslumanninum í Kópavogi 2002, sömuleiðis í fjórar vikur. Hann var aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjaness um nokkurra vikna skeið haustið 2003, en frá þeim tíma löglærður fulltrúi hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra sem hann gegndi til loka árs 2006, þar af sem staðgengill saksóknara um eins og hálf árs skeið. Á árinu 2007 var umsækjandinn settur saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara og settur saksóknari efnahagsbrota hjá embætti ríkislögreglustjóra en aðstoðarsaksóknari og staðgengill saksóknara efnahagsbrota frá ársbyrjun 2008 þar til hann var skipaður saksóknari við embætti ríkissaksóknara í maí 2009. Hann var skipaður saksóknari við embætti sérstaks saksóknara í október 2009 þar af sem staðgengill sérstaks saksóknara frá febrúar 2010

allt þar til embættið var lagt niður í lok árs 2015. Frá ársbyrjun 2016 hefur hann starfað sem saksóknari og sviðsstjóri ákærusviðs efnahags- og skattalagabrota við embætti héraðssaksóknara. Í störfum sínum hefur umsækjandinn átt mikil samskipti við erlend lögregluþyrirvöld og verið í fyrirsvari fyrir íslensk stjórnvöld, m.a. á vettvangi Evrópuráðsins. Var hann í sérfræðingahópi Evrópuráðsins um varnir gegn spillingu (GRECO), annar af tveimur fulltrúum Íslands í norrænum hópi um vitnavernd og í vinnuhópi á vegum OECD um mútur. Þá sat hann í nefnd viðskiptaráðherra um málefni tengd peningaþvætti á árunum 2006 og 2007 og var skipaður í tvo stýrihópa til ráðgjafar við stjórnvöld 2015 og 2016, annars vegar um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og hins vegar um eftirfylgni við innleiðingu á samningum gegn mútum og spillingu. Umsækjandinn hefur verið stundakennari og prófdómari við Háskólann í Reykjavík frá árinu 2010 og hefur þar ásamt prófessor við skólann haft umsjón með og kennt á námskeiði um auðgunar- og efnahagsbrot. Hann var gestakennari og prófdómari í refsirétti við Háskólann á Bifröst 2010 til 2013. Hann var leiðbeinandi við skrif meistaraþrófsritgerða í lögfræði við Háskólann á Akureyri 2008, við Háskólann í Reykjavík 2010, Háskólann á Bifröst 2011 og prófdómari vegna meistaraþrófsritgerða í Háskólanum í Reykjavík 2011. Hann hefur ritað eina lögfræðigrein.

Brynjólfur Hjartarson er fæddur 17. ágúst 1968 og er því 52 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1998 og öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í janúar 2004. Þá hefur hann hlotið löggildingu sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali. Frá 1999-2002 starfaði hann sem löglærður fulltrúi hjá sýslumanninum í Keflavík. Árin 2002-2004 starfaði hann sem löglærður fulltrúi á lögmannsstofu og frá 2004-2005 sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Frá 2005-2009 var hann aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur eða þar til hann tók við starfi lögfræðings í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu á árinu 2010. Árin 2011-2017 starfaði hann sem lögfræðingur hjá innanríkisráðuneytinu en hann hefur starfað hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu síðan innanríkisráðuneytinu var skipt upp í tvö ráðuneyti árið 2017. Umsækjandinn var skipaður eftirlitsmaður innanríkisráðuneytisins með talnagetraunum íslenskrar getspár frá apríl 2011 til febrúar 2017. Þá hefur hann í tvígang verið skipaður prófdómari með BA ritgerðum við lagadeild Háskólans á Akureyri og einu sinni við lagadeild Háskóla Íslands.

Eva Halldórsdóttir er fædd 16. apríl 1979 og er því 41 árs. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í október 2004 og meistaraþrófi (LL.M) frá lagadeild Stanfordháskóla í Bandaríkjunum árið 2014. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2005 og námi til löggildingar sem verðbréfamiðlari árið 2007. Að loknu lagaprófi starfaði hún um skamma hríð sem lögfræðingur í uppboðsdeild hjá sýslumannsembættinu í Hafnarfirði. Á árunum 2004 til 2010 starfaði hún hjá Okkar líftryggingum hf., fyrst sem lögfræðingur og síðar sem innanhússlögmaður en frá 2007 sem forstöðumaður váttryggingasviðs. Á árunum 2010 til 2012 gegndi hún hlutverki lögfræðilegs ráðgjafa fyrir félagið. Frá árinu 2014 hefur umsækjandinn starfað sem fulltrúi og síðar verkefnastjóri samhliða lögmannsstörfum á lögmannsstofu. Hún varð meðeigandi á stofunni í júní 2018 og frá því í maí 2020 hefur hún gegnt starfi framkvæmdastjóra stofunnar. Hún hefur setið í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema frá árinu 2016 og verið nefndarmaður í lánanefnd vegna mótframlagslána til sprota- og nýsköpunarfyrirtækja frá því í júlí 2020. Hún sat í stjórn Líftryggingamiðstöðvarinnar hf., dótturfélagi TM trygginga hf., frá apríl 2014 þar til í janúar 2020 þegar hún tók sæti í stjórn TM trygginga hf. Í september 2020 var hún kjörin í stjórn ferðaþjónustufyrirtækisins Raufarhóls ehf.

Guðmundína Ragnarsdóttir er fædd 28. október 1958 og er því 62 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1995 og diplómagráðu í opinberri stjórnarsýslu og stjórnun frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands árið 2000. Þá hefur hún hefur sótt mörg námskeið í lögfræði. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1998 og hefur flutt eitt prófmál til að hljóta réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti. Þá kveðst hún hafa öðlast réttindi sem löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali. Að loknu lagaprófi starfaði hún hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga fram til ársins 2000. Þá hóf hún störf hjá skattstjóranum í Reykjanesumdæmi. Árin 2001 og 2002 starfaði hún sem löggiltur fasteignasali. Frá 2002-2005 starfaði hún sem lögmaður og frá 2005-2010 var hún lögmaður og framkvæmdastjóri Kollektu ehf., en hún var einnig einn af eigendum lögmannsstofunnar. Frá upphafi árs 2011 hefur hún verið sjálfstætt starfandi lögmaður og rekið lögmannsstofu. Hún gegndi starfi varaformanns í stjórn Golfklúbbsins Odds á Urriðavelli í um átta ár, er varaformaður aganefndar klúbbsins og var formaður

kvennanefndar klúbbsins í níu ár. Hún er jafnframt formaður aganefndar Golsambands Íslands og hefur verið í stefnumótunarnefnd GSÍ.

Herdís Hallmarsdóttir er fædd 10. september 1972 og er því 48 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í febrúar 2000. Haustið 2018 hóf hún nám í Alþjóðlegu stjórnendanámi við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn og hefur lokið einu ári af tveimur. Hún öðlaðist málflutningsréttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2001 og sem hæstaréttarlögmaður árið 2008. Að loknu lagaprófi starfaði hún sem fulltrúi og lögmaður á lögmannsstofum, en frá árinu 2004 hefur hún verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Á árunum 2009-2016 starfaði umsækjandinn í slitastjórn Landsbanka Íslands hf. Frá júlí 2020 hefur hún starfað sem lögfræðingur á skrifstofu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Umsækjandinn var stundakennari á árinu 2004 í alþjóðlegum einkamálarétti við Háskólann í Reykjavík og aðjúnkt frá 2005-2012. Árið 2005 var hún skipuð í nefnd um störf kvenna í sjávarútvegsfyrirtækjum á Íslandi og skilaði nefndin skýrslu árið 2007. Þá sat hún í yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis 2017-2018. Hún var einn af lögmonnum Neyðarmóttöku fyrir þolendur nauðgunar á árunum 2001-2006, formaður siðanefndar Hundaræktarfélags Íslands 2008-2012 og í stjórn félagsins frá 2012, þar af sem formaður frá árinu 2014.

Hlynur Jónsson er fæddur 19. apríl 1970 og er því 50 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1996 og lauk meistaraprófi í lögum (LL.M) frá Chicago-háskóla árið 1998. Þá sat hann námskeið hjá Verðbréfaeftirliti Bandaríkjanna, SEC, árið 2005. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings í héraði 1997 og fyrir Hæstarétti 2011. Frá 1996 til 1997 og 1998 til 2002 starfaði hann sem fulltrúi á lögmannsstofum. Frá 2002 til 2008 var hann lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu, þar af sviðsstjóri verðbréfasviðs eftirlitsins frá árinu 2005. Frá ársbyrjun 2008 hefur hann starfað á eigin lögmannsstofu í félagi við aðra. Hann kenndi verðbréfamarkaðsrétt við lagadeild Háskóla Íslands árin 2007 og 2009 og félagarétt 2008 og 2009, hefur verið leiðbeinandi við ritun meistararitgerða frá árinu 2008 og fastur prófdómari við lagadeild Háskóla Íslands frá sama tíma. Hann kenndi á námskeiði um frumkvöðlafræði í MBA námi við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands haustið 2008. Þá hefur umsækjandinn haldið ýmsa lögfræðilega fyrirlestra og erindi. Árið 2009 var hann skipaður í slitastjórn þriggja fjármálafyrirtækja, SPRON hf., Frjálsa

fjárfestingarbankans hf. og Spron Verðbréfa hf. og í kjölfar nauðasamnings SPRON hf. í árslok 2015 varð hann stjórnarformaður Spron ehf. og hefur verið það síðan. Árin 2009 til 2012 var hann stjórnarformaður Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogs. Hann var árið 2005 skipaður í nefnd forsætisráðherra um viðurlög við efnahagsbrotum sem skilaði af sér tveimur lagafrumvörpum, um breytingar á samkeppnislögum og um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög á fjármálamarkaði og sat á árunum 2005 til 2007 í nefnd sem hafði það hlutverk að semja frumvarp að nýjum lögum um verðbréfavíðskipti, sem varð að lögum nr. 108/2007. Þá var hann í þremur sérfræðinganefndum á vegum samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlita árin 2003 til 2008.

Hulda Árnadóttir er fædd 25. september 1974 og er því 46 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 2001 og meistaraprófi í lögum (LL.M) frá Bristol-háskóla á Englandi árið 2006. Hún öðlaðist málflutningsréttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2003 og sem hæstaréttarlögmaður árið 2018. Að loknu lagaprófi starfaði hún sem lögfræðingur hjá óbyggðanefnd frá júní 2001 til september 2005, en hefur síðan starfað sem lögmaður á lögmannsstofu, þar af sem meðeigandi stofunnar frá árinu 2009. Hún hefur stundað kennslu í þremur háskólum, stundakennslu í Háskóla Íslands frá árinu 2003 þar sem hún varð aðjúnt árið 2018, verið prófdómari í meistararitgerðum og haft umsjón með BA ritgerðum og meistararitgerðum við þann skóla. Hún var stundakennari við Háskólann í Reykjavík haustið 2016 auk þess að vera prófdómari í samkeppnisrétti frá 2007 og prófdómari eða leiðbeinandi við einstakar meistararitgerðir frá 2017. Þá var hún stundakennari við Háskólann á Bifröst á árunum 2013 til 2015. Loks kenndi hún á námskeiði Lögmannafélags Íslands um fjölmiðla og lagabreytingar á þeim vettvangi árið 2012. Umsækjandinn tiltekur fjórar fræðigreinar sem hún er meðhöfundur að, þar af er ein ritrýnd og hefur haldið tug fyrirlestra, m.a. á Lagadeginum og opnum fundi Lagastofnunar Háskóla Íslands. Auk þess að hafa verið stjórnarmaður í Lex ehf. um tveggja ára skeið og framkvæmdastjóri dótturfélags Lex frá 2018. Einnig hefur hún setið í nokkrum stjórnarsýslunefndum og -ráðum, þ.e. í fjölmiðlanefnd, fyrst sem vara- maður frá 2011 til 2015, síðan sem varaformaður 2015-2017 og loks formaður 2017-2019, í yfirfasteignamatnefnd frá 2013 til 2019, þar af 2015-2019 sem formaður og loks

í kjararáði, fyrst sem varamaður frá 2011 til 2014 og síðan aðalmaður 2014-2018. Jafnframt hefur hún verið virkur varamaður í óbyggðanefnd frá 2007. Þá hefur hún verið formaður úrskurðarnefndar Bilgreinasambandsins og Félags íslenskra bifreiðaeigenda frá 2020. Hún hefur unnið við undirbúning lagafrumvarpa, m.a. frumvarp til laga um fjölmiðla sem varð að lögum nr. 28/2011 og frumvarp til breytinga á þeim lögum, sem varð að lögum nr. 54/2013, auk þess að vinna við ýmis frumvörp til laga og breytingalaga á sviði fiskveiðistjórnunar.

Höskuldur Þór Þórhallsson er fæddur 8. maí 1973 og er því 47 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í október 2003. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2005. Að loknu lagaprófi starfaði hann sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur til 2005 er hann hóf störf sem lögmaður á lögmannsstofu. Árið 2007 tók umsækjandinn sæti á Alþingi og átti hann þar fast sæti fram til ársins 2016. Frá þeim tíma hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður, lengst af á eigin lögmannsstofu. Hann hefur lokið tveimur prófmálum til að hljóta réttindi til málflutnings fyrir Landsrétti. Á Alþingi sat hann í ýmsum nefndum, þ.á m. var hann formaður umhverfis- og samgöngunefndar 2013-2016, átti sæti í stjórn-skipunar- og eftirlitsnefnd 2015-2016 og sérstakri saksóknarnefnd þingsins 2010-2012. Þá var hann formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs 2013-2016 og forseti ráðsins 2015. Hann var stjórnarmaður endurskoðunarnefndar Norræna fjárfestingabankans 2013-2016 og varaformaður Miðjuhóps þingmanna í Norðurlandaráði 2015-2016. Árin 2016-2018 var hann formaður nefndar um mótun stefnu fyrir Norður-Atlantshafssvæðið fyrir Norrænu ráðherranefndina. Umsækjandinn var stjórnar-maður í Stéttarfélagi lögfræðinga á árunum 2004-2006. Ennfremur stundakennari í viðskiptarétti við Háskólann í Reykjavík 2005-2007.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson er fæddur 25. desember 1964 og er því 55 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1993 og meistaraprófi (MBA) í á sviði stjórnunar og rekstrar frá Cambridge-háskóla árið 2019. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1995 og fyrir Hæstarétti 2002 auk takmarkaðrar heimildar til málflutnings fyrir Hæstarétti árið 1998. Þá var hann á árinu 2010 metinn hæfur til að gegna stöðu stjórnarmanns í fjármálafyrirtæki af Fjármálaeftirlitinu. Hann starfaði að loknu embættisprófi sem fulltrúi ríkissaksóknara í rúmt ár, en hefur frá

þeim tíma starfað sem lögmaður. Hann var fulltrúi á lögmannsstofu frá hausti 1994 til vors 1997 og hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður síðan, utan 15 mánaða tímabils á árunum 2007–2008 er hann starfaði sem innanhússlögmaður hjá Kaupþingi banka hf. Hann var meðeigandi þriggja lögmannsstofa á árunum 1997-2007 en frá október 2008 hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður á tveimur lögmannsstofum. Umsækjandinn sat í skilanefnd Kaupþings banka hf. frá október 2008 til desember 2011, slitastjórn bankans frá janúar 2012 til desember 2015, bráðabirgðastjórn Kaupþings ehf. frá þeim tíma til mars 2016 þegar hann var kjörinn til setu í stjórn Kaupþings ehf. þar sem hann sat til nóvember 2016. Að auki átti hann sæti í stjórnnum ýmissa fyrirtækja meðan á slitum félagsins stóð. Þá sat hann í stjórn Arion banka hf. frá hausti 2009 til vors 2010 sem aðalmaður og síðar varamaður. Umsækjandinn var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 1995-2008 þar sem hann kenndi sakamálaréttarfar. Árið 2005 var hann prófdómari í höfundarétti við lagadeildina. Þá var hann stundakennari og síðar aðjúntkt við lagadeild Háskólans í Reykjavík 2003-2016 þar sem hann kenndi félagarétt, auk þess að vera leiðbeinandi í fjölmörgum ritgerðum við sama skóla. Hann var stundakennari við lagadeild Háskólans á Bifröst á árinu 2005 og kenndi félagarétt. Einnig hefur hann kennt á námskeiðum fyrir þá sem hyggjast afla sér réttinda til að verða héraðsdómslögmennt frá árinu 2000 auk styttri námskeiða einkum skuldaskilarétt og félagarétt. Að auki kenndi hann á sumarnámskeiði við viðskiptadeild háskólans sumarið 2009, á námskeiðum Opna háskólans 2011-2013 einkum félagarétt. Umsækjandinn getur í umsókn sinni um 14 erindi sem hann hefur haldið um lögfræðileg málefni á fundum ýmissa félaga og stofnana héraðs og erlendis, þ.m.t. á sviði réttarfars. Þá getur hann um tvær óritrýndar greinar, sem hann hefur ritað um lögfræðileg efni, umræður með þátttöku hans um slíkt efni sem birtar voru í lögfræðitímariti og þrjár stuttar greinar eftir hann sem birtust í Lögmannablaðinu. Umsækjandinn var varamaður og um tíma varaformaður í úrskurðarnefnd skipulags- og byggingamála á árunum 1997–2005 þar sem hann tók sæti í einu máli. Hann hefur setið í fastanefnd á sviði happdrættismála á vegum dómsmálaráðuneytisins frá 2007. Þá sat umsækjandinn í vinnuhópi sama ráðuneytis á árinu 2010 sem hafði það verkefni að yfirfara löggjöf um meðferð sakamála með það að augnamiði að einfalda og flýta meðferð þeirra. Á árinu 2007 sat

hann í gerðardómi í tveimur málum. Af öðrum aukastörfum má nefna að hann hefur setið í stjórn Íslandsspila frá 1998, lengst af sem formaður stjórnar. Þá sat hann í stjórn Rauða krossins á Íslandi árin 1994-2006, þar af sem varaformaður 2002-2004. Hann sat í stjórn Lögmannafélags Íslands 2014-2016. Þá var hann nefndarmaður í laganefnd félagsins á árunum 2002-2007 sem hefur það hlutverk að fara yfir og gera athugasemdir við lagafrumvörp, þar af sem formaður frá árinu 2003 og sat af því tilefni reglulega fundi þingnefnda.

Jón Auðunn Jónsson er fæddur 15. júní 1957 og er því 63 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1990 og hefur setið ýmis námskeið m.a. á vegum Lögmannafélags Íslands. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1992 og réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti árið 2002. Hann starfaði sem löglerður fulltrúi á lögmannsstofu árin 1990 til 1992, en sem lögmaður og einn eigenda stofunnar frá þeim tíma til þessa dags. Hann hefur komið að félagsmálum, einkum í Hafnarfirði og verið í ýmsum trúnaðarstöfum tengdum því, þ. á m. verið formaður handknattleiksdeildar og varaformaður aðalstjórnar FH og forseti Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar.

Karl Óttar Pétursson er fæddur 25. nóvember 1971 og er því 49 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í október 2002 og BA prófi í sagnfræði árið 1995 frá sama skóla með heimspeki sem aukafag. Þá lauk hann námi til lögginglingar sem verðbréfamiðlari á árinu 2007 og hefur sótt önnur námskeið hér á landi og erlendis, svo sem um stjórnun. Hann öðlaðist málflutningsréttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2004 og réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti 2011. Hann öðlaðist löggingingu sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali 2015. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Vestfjarða frá október 2002 til mars 2004. Frá 2004-2007 starfaði hann sem lögmaður í lögfræðiinnheimtu Kaupþings banka hf. og 2007-2008 var hann framkvæmdastjóri Viðja ehf., dótturfélags Kaupþings banka hf., auk þess að vera á sama tíma forstöðumaður og lögmaður í fullnustudeild Kaupþings. Frá 2008 - 2018 starfaði hann á lögfræðisviði Arion banka hf. sem forstöðumaður, lögmaður og staðgengill framkvæmdastjóra. Hann stýrði nokkrum deildum á lögfræðisviði sem m.a. báru ábyrgð á öllum dómsmálum bankans, innheimtu, fullnustu, eftirgjöf skulda og

endurskipulagningu skulda einstaklinga og fyrirtækja. Árin 2018-2020 var hann bæjarstjóri Fjarðabyggðar og einnig hafnarstjóri sem og framkvæmdastjóri eignarhaldsfélagsins Hrauns ehf. en það er félag í eigu Fjarðabyggðar og heldur utan um fasteignir í eigu þess. Þá var hann fulltrúi í Vatnasvæðanefnd 2019-2020, í stjórn Breiðdalsseturs ses. 2019-2020, varamaður í stjórn Sparisjóðs Austurlands hf. 2018-2020, varamaður í samráðsnefnd um fiskeldi 2019-2020, í stjórn SvAust-Almenningssamgöngur á Austurlandi ehf. 2019-2020 og í stjórn Fiskmarkaðar Austurlands ehf. 2019-2020. Árin 2010-2012 kenndi umsækjandinn réttarfar í Opna háskólanum í Reykjavík á námskeiði til löggildingar sem verðbréfamiðlari. Hann sat í stjórn starfsmannafélags Kaupþings banka hf./Arion banka hf. 2008-2010 og er framkvæmdastjóri og annar eigenda Millifótakonfekts ehf. sem á og skipuleggur tónlistarhátíðina Eistnaflug. Umsækjandinn getur þess að hann hafi setið í stjórnnum fyrirtækja í eigu Arion banka hf.

Margrét Gunnlaugsdóttir er fædd 7. maí 1961 og er því 59 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1992 og diplómaprófi á sviði rekstrar og viðskipta frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 1999. Í febrúar 2019 lauk hún meistaraprófi (LL.M) í alþjóðlegum og evrópskum viðskiptarétti frá Ludwig-Maximilians háskólanum í München. Þá hefur hún sótt mörg námskeið í lögfræði. Hún öðlaðist málflutningsréttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2001 og sem hæstaréttarlögmaður 2010. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn sem sérfræðingur hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu en frá 1993 til 1998 starfaði hún sem sérfræðingur á tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Frá 2000 til 2003 starfaði hún sem sérfræðingur hjá embætti Tollstjórans í Reykjavík en hóf að því loknu störf sem fulltrúi á lögmannsstofu. Þar starfaði hún þar til hún stofnaði lögmannsstofu árið 2005 þar sem hún hefur frá þeim tíma verið meðeigandi. Frá hausti 2017 til mars 2019 var hún í námsleyfi vegna meistaránáms. Hún sat í bráðabirgðastjórn Sparisjóðs Mýrasýslu árin 2009-2010 og í úrskurðarnefnd félagsþjónustu- og húsnæðismála árin 2010 til 2013. Þá var hún í stjórn Félags kvenna í lögmennsku árin 2006 til 2010. Hún hefur þrívægis tekið að sér kennslu á námskeiðum hjá Lögmannafélagi Íslands og hefur verið prófdómari við Háskólann í Reykjavík.

María Thejll er fædd 18. júlí 1964 og er því 56 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í október 1990 og stundaði nám í rekstrar- og

viðskiptafræði við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands þrjár annir árin 1999 til 2000. Hún hefur sótt fjölmörg símenntunarnámskeið bæði hjá Lagastofnun og á vegum Lögmannafélags Íslands. Hún öðlaðist málflutningsréttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1992 og sem hæstaréttarlögmaður árið 2017. Að loknu lagaprófi starfaði hún sem fulltrúi til ársins 1998 og var sjálfstætt starfandi lögmaður hjá Lögmonnum við Austurvöll 1998 til 2000 og starfaði þá sem einn af lögmonnum Neyðarmótökunnar og var réttargæslumaður brotaþola. Hún var skrifstofustjóri hjá samgönguráðuneytinu árin 2000 til 2002 og forstöðumaður Lagastofnunar Háskóla Íslands 2003 til 2016, jafnframt því að vera forstöðumaður Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands 2005 til 2016, skrifstofustjóri lagadeildar Háskóla Íslands 2005 til 2007 og framkvæmdastjóri Rannsóknastofnunar Ármanns Snævarr 2015 til 2016. Hún hefur verið lögmaður við embætti ríkislögmans síðan í janúar 2017 og flutt þar fjölda mála á öllum dómstigum. Umsækjandinn var stundakennari á sviði fjármunaréttar í Kröfurétti I árin 2008 til 2016. Hún starfaði að ýmsum útgáfum og fræðistörfum í starfi sínu fyrir Lagastofnun Háskóla Íslands, var m.a. ritstjóri ritraðar Lagastofnunar með fræðilegum ritgerðum um lögfræðileg efni frá 2011 til 2016. Af öðrum störfum má nefna að hún var formaður eftirlitsnefndar með fjárhagslegri endurskipulagningu heimila og fyrirtækja samkvæmt lögum nr. 107/2009 árin 2009 til 2012 og vann við úttekt á framkvæmd gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands árið 2016.

Nanna Magnadóttir er fædd 10. mars 1973 og er því 47 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1998 og meistaraprófi í alþjóðlegum mannréttindalögum frá Raoul Wallenberg stofnun Háskólans í Lundi árið 2004. Hún hefur sótt mörg námskeið um lögfræðileg efni bæði hérlendis og erlendis. Hún öðlaðist málflutningsréttindi sem héraðsdómslögmaður 2001. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sumarlangt í þinglýsingardeild hjá sýslumanninum í Kópavogi. Í september 1998 varð hún aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og gegndi því starfi fram í ágúst 2001, að undanskildum fjórum mánuðum sem hún starfaði fyrir dómstólaráð og átta mánuðum meðan hún var settur skrifstofustjóri dómstólsins. Frá september 2001 til ágúst 2002 starfaði hún sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis. Í september 2003 hóf umsækjandinn störf sem aðstoðarmaður í fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu og starfaði þar fram í maí 2004 er hún hóf störf

sem lögfræðingur í deild Evrópuráðsins um fullnustu dóma Mannréttindadómstóls Evrópu. Frá janúar 2005 sinnti hún margvíslegum störfum á vegum Evrópuráðsins í Kósóvó og Sameinuðu þjóðanna á Balkanskaga. Frá október 2009 og fram í september 2013 starfaði hún sem aðalráðgjafi hjá Eyrstrasaltsráðinu í Stokkhólmi. Frá þeim tíma var hún sjálfstætt starfandi og tók m.a. að sér ýmis verkefni fyrir umboðsmann Alþingis og Eyrstrasaltsráðið eða fram til 1. janúar 2014 þegar hún var skipuð forstöðumaður og formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Hún hefur ritað eina óritrýnda grein sem birtist í lögfræðitímariti og flutt fræðærindi. Í Lundi starfaði hún samhliða námi sem aðstoðarmaður prófessors og var meðritstjóri *Balticness*, tímarits Eyrstrasaltsráðsins, 2009-2010. Þá var hún prófdómari á munnlegum prófum í tveimur námskeiðum við Háskóla Íslands 2019. Umsækjandinn var sjálfboðaliði hjá Kvennaráðgjöfinni 1997-1999 og formaður vinnuhóps um heimasíðu fyrir héraðsdómstólana og dómstólaráð 2001. Árin 2014-2018 var hún í stjórn Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi. Þá hefur hún átt hlut að undirbúningi lagasetningar og gerð ýmiss konar regluverks í störfum sínum, m.a. haft framsögu á ýmsum ráðstefnum og beitt sér fyrir endurskoðun verklagsreglna Eyrstrasaltsráðsins um þátttöku þess í verkefnum. Einnig hefur hún verið formaður og tekið þátt í fjölmörgum vinnuhópum sem starfsmaður Evrópuráðsins, UNIFEM og Eyrstrasaltsráðsins.

Ólafur Helgi Árnason er fæddur 31. desember 1962 og er því 57 ára. Hann lauk embættisprófi frá Háskóla Íslands í júní 1988 og kennsluréttindanámi frá Kennaraháskóla Íslands árið 2005. Hann hefur sótt ýmis námskeið hérlandis og erlendis. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 1993 og sem hæstaréttarlögmaður í maí árið 2008. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi við embætti bæjarfógetans í Kópavogi 1988-1992. Þá starfaði hann hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga á árunum 1992 til 1994, þegar hann tók til starfa sem lögmaður hjá Samtökum iðnaðarins. Þar starfaði hann til ársins 2002 en einnig sem sérfræðingur hjá Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, í fjóra mánuði árið 1999. Árið 2002 hóf hann störf hjá Landsbanka Íslands hf. við innheimtur og lögfræðilega ráðgjöf og flutti þar fjölda mála fyrir hönd bankans. Hann var 2008-2015 skrifstofustjóri á skipulags- og byggingarsviði Hafnarfjarðarbæjar, en í því starfi sinnti hann ýmsum lögfræðistörfum sem bæjarlögmaður hafði á hendi. Frá 2015 hefur hann starfað sem lögmaður

hjá embætti ríkislögmans og flutt þar fjölda mála á öllum dómstigum. Umsækjandinn hefur sinnt kennslu í lögfræði við ýmsa framhaldsskóla allt frá árinu 1988. Þá hefur hann kennt inngang að lögfræði við verkfræðideild Háskóla Íslands í tvo vetur og sá um námskeið um löggildingu iðnmeistara sem haldin voru um land allt á vegum umhverfisráðuneytisins. Hann sat í nefnd sem endurskoðaði lög og reglur um opinber innkaup á árinu 1999 og nefnd sem skilaði af sér frumvarpi sem varð að lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Sigurður Jónsson er fæddur 13. febrúar 1956 og er því 64 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1983. Hann hefur sótt mörg námskeið í lögfræði. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi á árinu 1989 og réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti 1997. Þá öðlaðist hann fasteignasöluréttindi árið 1991. Að loknu lagaprófi hóf hann störf sem dómarafulltrúi hjá bæjarfógetanum og sýslumanninum á Akureyri og starfaði þar fram til ársins 1986 er hann hóf störf sem fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu. Á árinu 1987 var hann settur sýslumaður í Strandasýslu í sem næst einn og hálfan mánuð og árin 1988-1989 var hann starfsmannastjóri Sláturfélags Suðurlands á Selfossi. Á árunum 1989-1991 var hann aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra en að því loknu hóf hann rekstur eigin lögmansstofu auk fasteignasölu fram til ársins 2002. Frá 2002-2007 annaðist hann rekstur eigin lögmansstofu og fasteignasölu í Vestmannaeyjum. Frá 2007-2012 annaðist hann rekstur eigin lögmansstofu á Selfossi en stofnaði síðan lögmansstofu í Kópavogi ásamt öðrum og starfar þar í dag. Hann var formaður yfirúttektarnefndar Árnessýslu árin 1986-1993 og sat í mörgum nefndum á vegum Stjórnarráðs Íslands á árunum 1989-1991. Hann var nefndarmaður í kvörtunarnefnd Félags fasteignasala árin 2003-2008, stjórnarformaður Eyvindartungu ehf. árin 2001-2010, stjórnarformaður í Landssamtökum raforkubænda á Íslandi árin 2005-2010 og hefur verið stjórnarmaður Landssamtaka landeigenda á Íslandi frá árinu 2009. Árið 2018 tók hann sæti í tveimur nefndum samkvæmt 93. gr. 15/1998 um framkvæmd sveitarstjórnarkosninga. Hann hefur alloft verið dómkvaddur sem matsmaður, aðallega til að meta verðmæti fasteigna og gera arðskrár vegna veiði.

Valborg Steingrímsdóttir er fædd 6. júní 1982 og er því 38 ára. Hún lauk meistaraprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 2008 og síðan meistaraprófi

í lögum (LL.M) frá Berkeley-háskóla í Kaliforníu 2011. Hún hefur sótt nokkur námskeið á sviði lögfræði. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í desember 2015. Að loknu laganámi starfaði hún sem lögfræðingur hjá Orkustofnun til ársins 2010, en í því starfi kom hún m.a. að leyfisveitingum á grundvelli raforkulaga og laga um eignarrétt Íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Hún starfaði sem lögfræðingur fyrir stjórnlagaráð um tveggja mánaða skeið árið 2011 og á árunum 2011-2018 starfaði hún sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og hóf þá störf hjá Persónuvernd en starfar nú tímabundið sem aðstoðarmaður dómara hjá Landsrétti. Árið 2010 var hún stundakennari við Háskóla Íslands í námskeiðinu Natural Resources Law og árið 2011 var hún stundakennari við sama skóla í námskeiðunum EC Enviromental Law og International Enviromental Law. Þá hefur umsækjandinn haldið fræðileg erindi á sviði orku- og auðlindamála og persónuverndar. Hún er höfundur að einni grein ásamt tveimur öðrum. Hún var ritari í stjórn Stéttarfélags lögfræðinga 2013-2017 og ritari í stjórn kammerkórsins Hljómeyki 2016-2017, fulltrúi Persónuverndar í ráðgefandi nefnd Evrópuráðsins um persónuvernd 2018-2019. Einnig hefur hún setið í sérfræðingahópi Evrópska persónuverndarráðsins sem fjallar um eftirfylgni, rafræna stjórnsýslu og heilbrigði.

5. Mat á hæfni umsækjenda á grundvelli umsókna og gagna sem þeim fylgdu

Í samræmi við 1. mgr. 6. gr. reglna nr. 970/2020 verður í þessum kafla lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli umsókna þeirra og gagna, sem þeim fylgdu, með hliðsjón af þeim sjónarmiðum er fram koma í 4. gr. reglnanna, til að ákveða hverjir þeirra komi til greina að verða metnir hæfastir til að hljóta þau fjögur embætti héraðsdómara sem hér er fjallað um. Þannig verður í fyrsta lagi greint stuttlega frá menntun umsækjenda, aðalstörfum þeirra að loknu lagaprófi og helstu aukastörfum, sem nýtast dómara í starfi, þ. á m. fræðistörfum, sbr. 1. og 2. tölulið 4. gr. Í öðru lagi verður lagt mat á það, á grundvelli þessara atriða, hverjir af umsækjendunum komi til greina að álit nefndarinnar að verða taldir hæfastir til að hljóta það eða þau embætti héraðsdómara, sem þeir hafa sótt um, í samanburði við aðra umsækjendur.

5.1. Menntun, aðalstörf og helstu aukastörf

Arnbjörg Sigurðardóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 2004. Hún var aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra á árunum 2005-2007. Á árabílinu 2007-2018 starfaði hún sem lögmaður á lögmannsstofu, þar af frá 2014 sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Hún öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti 2013. Frá 2018 hefur hún verið aðstoðarmaður dómara við sama héraðsdómstól fyrir utan sex mánuði 2019 og tæpa sex mánuði á þessu ári þegar hún var settur héraðsdómari þar. Árið 2010 varð hún formaður kærunefnda í fjöleignarhúsamálum og húsaleigumálum sem síðar á því ári voru sameinaðar í kærunefnd húsamála þar sem hún gegndi formennsku 2010-2011. Þá var hún stundakennari við lagadeild Háskólans á Akureyri 2008-2018.

Arnór Snæbjörnsson lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 2006 og meistaraþrófi í sagnfræði frá sama skóla 2015 auk þess að hafa lokið diplómprófi í hafrétti erlendis. Á árunum 2006-2011 starfaði hann sem deildarstjóri í landbúnaðarráðuneytinu, síðar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Hann var starfsmaður á skrifstofu löggjafarmála í forsætisráðuneytinu 2012. Hann hefur síðan starfað í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, fyrst sem sérfræðingur 2012-2018, þá yfirlögfræðingur 2018-2020 og loks frá miðju þessu ári settur skrifstofustjóri. Í störfum sínum í ráðuneytunum hefur hann komið að samningu fjölda lagafrumvarpa og stjórnisýsluúrskurða. Þá hefur hann sinnt stundakennslu í lögfræði við Háskólann í Reykjavík og Landbúnaðarháskóla Íslands auk Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

Björn L. Bergsson lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í mars 1990. Hann var árin 1990-1992 fulltrúi á lögmannsstofu, en starfaði frá þeim tíma til 2017 sem lögmaður, þar af var hann frá 1994 sjálfstætt starfandi lögmaður. Hann öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti 1999. Haustið 2017 var hann ráðinn tímabundið sem skrifstofustjóri Landsréttar og var skipaður í það embætti í ársbyrjun 2018 og hefur gegnt því síðan. Hann hefur tvívegis tekið sæti í Félagsdómi. Þá var hann varamaður formanns í kærunefnd jafnréttismála 2000-2011 og hefur síðan verið varaformaður nefndarinnar frá 2011 þar sem hann hefur nokkrum sinnum tekið sæti í forföllum formanns. Hann átti sæti í endurupptökunefnd 2013-2017, þar af var hann

formaður hennar 2014-2017. Hann var settur ríkissaksóknari 2009-2011 til að fara með tiltekin mál vegna vanhæfis þess, sem gegndi embættinu, og síðar í einu máli 2016, auk þess sem hann hefur verið settur umboðsmaður Alþingis í einu máli. Hann hefur verið stundakennari við lagadeildir Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Bifröst. Einnig hefur hann ritað eina óritrýnda fræðigreini um lögfræðileg efni ásamt öðrum höfundum.

Björn Þorvaldsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1993. Hann lauk meistaraþrófi í Evrópurétti frá Háskólanum í Lundi 2002. Árin 1993-1998 starfaði hann sem fulltrúi sýslumannsins í Hafnarfirði, þar sem hann flutti sem ákærandi fjölda mála fyrir dómi, og 1998-2000 var hann ritari á nefndasviði Alþingis. Árið 2001 var hann settur sýslumaður um skamma hríð. Hann var aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjaness í stuttan tíma 2003, en tók á því ári við starfi fulltrúa hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra sem hann gegndi til ársloka 2006. Á árunum 2007-2009 var hann fyrst saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara og ríkislögreglustjóra, en varð síðar aðstoðarsaksóknari hjá því síðarnefnda og loks saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara. Hann varð saksóknari hjá embætti sérstaks saksóknara 2009 og gegndi því starfi til ársloka 2015. Frá byrjun árs 2016 hefur hann starfað sem sviðsstjóri við embætti héraðssaksóknara. Í síðastgreindum störfum sínum hefur hann átt margvísleg samskipti við erlend yfirvöld og tekið þátt í fjölþjóðlegu samstarfi og að auki átt sæti í starfshópum á vegum ráðuneyta. Þá hefur hann verið stundakennari við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá 2010 og fengist við kennslu í Háskólanum á Bifröst og Háskólanum á Akureyri.

Brynjólfur Hjartarson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1998 og hefur fengið löggildingu sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali. Árin 1999-2002 var hann fulltrúi hjá sýslumanninum í Keflavík. Hann starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofu 2002-2004 og var sjálfstætt starfandi lögmaður 2004-2005. Á árunum 2005-2009 var hann aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Árið 2010 hóf hann störf sem lögfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, varð 2011 lögfræðingur í innanríkisráðuneytinu og aftur 2017 í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu þar sem hann hefur starfað síðan.

Eva Halldórsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í október 2004 og meistaraþrófi í lögum 2014 frá Stanford-háskóla í Bandaríkjunum, auk þess sem hún fékk löggildingu sem verðbréfamiðlari 2005. Að loknu lagaprófi vann hún um skamma hríð hjá sýslumanninum í Hafnarfirði. Árin 2004-2012 starfaði hún hjá Okkar líftryggingum hf., m.a. sem yfirlögfræðingur, forstöðumaður váttryggingasviðs og síðast lögfræðilegur ráðgjafi hjá félaginu. Frá 2014 hefur hún starfað sem lögmaður á lögmannsstofu, þar af verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá 2018, auk þess sem hún tók við starfi framkvæmdastjóra stofunnar fyrr á þessu ári. Þá hefur hún frá 2016 setið í áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema.

Guðmundína Ragnarsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1995 og síðan diplómanámi í opinberri stjórnsýslu og stjórnun frá Endurmenntunarstofnun sama skóla árið 2000. Árin 1995-2000 starfaði hún hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga, 2000-2001 hjá skattstjóranum í Reykjanesumdæmi og 2001-2002 sem löggiltur fasteignasali. Hún hefur starfað sem lögmaður frá árinu 2002, þar af verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá 2005.

Herdís Hallmarsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði í febrúar 2000. Hún hefur frá 2018 stundað alþjóðlegt stjórnendanám við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn og lokið einu ári af tveimur. Árin 2000-2001 starfaði hún sem fulltrúi og 2001-2004 sem lögmaður á lögmannsstofu. Hún var sjálfstætt starfandi lögmaður 2004-2020. Hún tók sæti í slitastjórn Landsbanka Íslands hf. 2009 þar sem hún starfaði til 2016. Á árabílinu 2016-2019 var hún ráðgjafi bankans og flutti m.a. dómsmál fyrir hann. Hún öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti 2008. Frá miðju þessu ári hefur hún starfað sem lögfræðingur hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Hún annaðist stundakennslu 2005-2012 við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Árin 2017-2018 átti hún sæti í yfirkjörstjórn. Þá hefur hún sem lögmaður tekið þátt í starfi Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisbrota.

Hlynur Jónsson lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 1996 og meistaraþrófi í lögum frá Chicago-háskóla 1998. Að loknu lagaprófi starfaði hann í rúmt ár sem fulltrúi á lögmannsstofu og 1998-2002 sem lögmaður á slíkri stofu. Hann var lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu 2002-2008, þar af sviðsstjóri þar frá 2005. Frá byrjun árs 2008 hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður og

öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti 2011. Á árinu 2009 varð hann formaður slitastjórna þriggja fjármálafyrirtækja og lauk slitum þeirra nokkrum árum síðar. Þá sat hann á árabílinu 2005-2007 í nokkrum ráðherraskipuðum nefndum sem skiluðu m.a. drögum að viðamiklum lagafrumvörpum. Einnig tók hann samhliða starfi sínu hjá Fjármálaeftirlitinu þátt í starfi þriggja samevrópskra sérfræðinganefnda. Hann var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 2007-2009 og kenndi jafnframt lögfræði á námskeiði í MBA-námi við Endurmenntunarstofnun sama skóla.

Hulda Árnadóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 2001 og meistaraprófi í lögum frá Bristol-háskóla 2006. Hún vann sem lögfræðingur hjá óbyggðanefnd 2001-2005. Frá árinu 2006 hefur hún starfað sem lögmaður á lögmannsstofu, þar af verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá 2009. Hún öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti 2018. Hún átti sæti í yfirfasteignamatsnefnd 2013-2019, þar af sem formaður nefndarinnar frá 2015, og í fjölmiðlanefnd 2015-2019, þar af sem formaður frá 2017. Þá sat hún í kjararáði 2014-2018. Frá 2007 hefur hún verið varamaður í óbyggðanefnd þar sem hún hefur tekið sæti í fjölda mála. Hún hefur komið að samningu lagafrumvarpa, þ. á m. eins viðamikils frumvarps. Hún hefur verið stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands frá 2003 og jafnframt sinnt kennslu í lögfræði við Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Bifröst. Einnig hefur hún samið eina ritrýnda fræðigrein ásamt öðrum.

Höskuldur Þór Þórhallsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í október 2003. Árin 2003-2005 var hann aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og starfaði 2005-2007 sem lögmaður á lögmannsstofu. Hann átti sæti á Alþingi á árunum 2007-2016 og gegndi ýmsum trúnaðarstörfum sem alþingismaður. Frá 2016 hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Árin 2016-2018 var hann formaður nefndar á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um mótun stefnu fyrir Norður-Atlantshafssvæðið.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 1993 og meistaraprófi á sviði stjórnunar og rekstrar frá Cambridge-háskóla 2019. Hann var fulltrúi hjá ríkissaksóknara 1993-1994. Árin 1994-1995 var hann fulltrúi á lögmannsstofu, en hefur frá þeim tíma starfað sem lögmaður, þar af hefur hann frá 1997 verið sjálfstætt starfandi lögmaður að frátöldu 15 mánaða tímabili er hann starfaði

sem lögmaður hjá Kaupþingi banka hf. Hann sat í skilanevnd bankans 2008-2011 og í slitastjórn hans 2012-2015. Hann öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti 2002, en hafði 1998 fengið leyfi til að flytja mál fyrir réttinum sem hann hafði áður rekið í héraði. Hann hefur átt sæti í fastanefnd á sviði happdrættismála frá 2007 og var um tíma varaformaður úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála þar sem hann tók sæti í einu máli. Hann sat í laganevnd Lögmannafélags Íslands 2002-2007, lengst af sem formaður. Þá var hann stundakennari við lagadeildir Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík á árunum 1996-2008. Einnig hefur hann sinnt lagakennslu við Háskólann á Bifröst og frá árinu 2000 kennt á námskeiðum fyrir þá sem hyggjast afla sér réttinda til að verða héraðsdómslögmennt. Hann hefur ritað tvær óritrýndar greinar um lögfræðileg efni.

Jón Auðunn Jónsson lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 1990 og hefur fengið löggildingu sem fasteigna- og skipasali. Hann var árin 1990-1992 fulltrúi á lögmannsstofu, en hefur lengst af frá þeim tíma starfað sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Hann öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti 2002.

Karl Óttar Pétursson lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í október 2002, fékk löggildingu sem verðbréfamíðlari 2007 og fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali 2015. Árin 2002-2005 var hann aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Vestfjarða. Hann starfaði sem lögmaður í lögfræðinniinnheimtu Kaupþings banka hf. 2005-2007 og var forstöðumaður fullnustudeildar bankans 2007-2008. Á árunum 2008-2018 stýrði hann nokkrum deildum á lögfræðisviði Arion banka hf. Samhliða störfum sínum fyrir bankana tvo flutti hann m.a. mál af þeirra hálfu fyrir dómi. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti 2011. Þá var hann bæjarstjóri Fjarðabyggðar 2018-2020 og jafnframt hafnarstjóri sveitarfélagsins 2019-2020. Hann fékkst við lagakennslu 2010-2012 við Opna háskólann í Reykjavík.

Margrét Gunnlaugsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 1992 og síðan diplómprófi á sviði rekstrar og viðskipta frá Endurmenntunarstofnun sama skóla 1999. Árið 2019 lauk hún meistaraþrófi í alþjóðlegum og evrópskum viðskiptarétti frá Ludwig-Maximilians háskólanum í München. Hún starfaði sem sérfræðingur í dóms- og kirkjumálaráðneytinu 1992-1993, í fjármála-

ráðuneytinu 1993-1998 og hjá embætti tollstjórans í Reykjavík 2000-2003. Hún var lögmaður á lögmannsstofu 2003-2005, en hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður síðan, að frátöldu einu og hálfu ári, 2017-2019, þegar hún var í námsleyfi. Hún öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti 2010. Þá átti hún sæti í úrskurðarnefnd félagsþjónustu- og húsnæðismála 2010-2013. Frá árinu 2006 hefur hún sem lögmaður tekið þátt í starfi Neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisbrota.

María Thejll lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í október 1990 og stundaði 1999-2000 nám í rekstrar- og viðskiptafræði við Endurmenningarstofnun skólans. Hún var árin 1990-1992 fulltrúi á lögmannsstofu, 1992-1998 starfaði hún þar sem lögmaður og 1998-2000 sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Hún var skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu 2000-2002. Á árunum 2003-2016 var hún forstöðumaður Lagastofnunar Háskóla Íslands og frá 2005 að auki Mannréttinda- stofnunar skólans, jafnframt því sem hún gegndi starfi skrifstofustjóra lagadeildar hans 2005-2007. Frá ársbyrjun 2017 hefur hún starfað sem lögmaður hjá embætti ríkislögmanns. Hún öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti 2017. Hún var formaður eftirlitsnefndar með fjárhagslegri endurskipulagningu heimila og fyrirtækja 2009-2012 og gerði 2016 ásamt öðrum úttekt á framkvæmd gjaldeyriseftirlis Seðla- bankans á vegum Lagastofnunar. Hún var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 2008-2016. Þá var hún m.a. ritstjóri ritraðar sem Lagastofnun gaf út 2011-2016 með fræðilegum ritgerðum um lögfræðileg efni.

Nanna Magnadóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 1998 og meistaraprófi í alþjóðlegum mannréttindalögum frá Háskólanum í Lundi 2004. Hún starfaði sem lögfræðingur hjá sýslumanninum í Kópavogi um þriggja mánaða skeið 1998, var aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur 1998-2001 og settur skrifstofustjóri við dómstólinn í átta mánuði 2002. Árin 2002-2003 starfaði hún hjá umboðsmanni Alþingis. Hún starfaði síðan sem lögfræðingur erlendis 2003-2013, þ. á m. sem aðstoðarmaður í fastanefnd Íslands gagnvart Evrópuráðinu, síðan sem lögfræðingur hjá ráðinu í Strassborg og á vegum þess í Kósóvó, þar sem hún veitti m.a. forstöðu skrifstofu ráðsins þar í landi, og loks sem aðalráðgjafi hjá Eystrasaltsráðinu. Frá ársbyrjun 2014 hefur hún verið forstöðumaður og jafnframt

formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Þá hefur hún ritað eina órtrýnda grein um lögfræðileg efni.

Ólafur Helgi Árnason lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 1988. Hann var fulltrúi hjá bæjarfógetanum í Kópavogi 1988-1992 þar sem hann dæmdi m.a. í einka- og sakamálum. Árin 1992-1994 starfaði hann hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga og 1994-2002 hjá Samtökum iðnaðarins, að undanskildum fjórum mánuðum 1999 þegar hann var sérfræðingur hjá ESA. Hann var starfsmaður Landsbanka Íslands hf. 2002-2008 og skrifstofustjóri hjá Hafnarfjarðarbæ 2008-2015 þar sem hann flutti m.a. mál bankans og síðar mál bæjarins fyrir dómi. Frá árinu 2015 hefur hann starfað sem lögmaður hjá embætti ríkislögmanns. Hann öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti 2008. Hann hefur komið að samningu eins lagafrumvarps. Þá annaðist hann í tvo vetur kennslu í lögfræði við verkfræðideild Háskóla Íslands.

Sigurður Jónsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1983. Hann starfaði sem fulltrúi bæjarfógetans og sýslumannsins á Akureyri á árunum 1983-1986, þar sem hann dæmdi fjölda sakamála, og síðan sýslumannsins á Selfossi 1986-1989. Hann var aðstoðarmaður dómsmálaráðherra 1989-1991. Frá árinu 1991 hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Hann öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti 1997. Á árunum 1986-1993 var hann formaður yfirúttektarnefndar Árnes-sýslu. Þá hefur hann átt sæti í nefndum til að úrskurða um gildi sveitarstjórnarkosninga í tveimur sveitarfélögum 2018.

Valborg Steingrímsdóttir lauk meistaraprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands í júní 2008 og síðan meistaraprófi í lögum frá Berkeley-háskóla í Kaliforníu 2011. Hún starfaði sem lögfræðingur hjá Orkustofnun 2008-2010 og hjá stjórnlagaráði um tveggja mánaða skeið 2011. Á árunum 2011-2018 var hún aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Hún starfaði sem lögfræðingur og jafnframt verkefnastjóri hjá Persónuvernd 2018-2020 og hefur nýlega tekið tímabundið við starfi aðstoðarmanns dómara hjá Landsrétti. Þá var hún stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 2010-2011 og hefur ritað fræðigrein ásamt tveimur öðrum þar sem m.a. er fjallað um lögfræðileg efni.

5.2. Mat á hæfni umsækjenda með tilliti til þess hvort þeir komi til greina að verða metnir hæfastir til þess að hljóta embætti héraðsdómara

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd taka afstöðu til þess hvaða umsækjandi eða eftir atvikum umsækjendur séu hæfastir til að hljóta embætti dómara. Við mat á hæfni þeirra, sem sækja um hverju sinni, þarf nefndin því að bera saman starfsferil umsækjenda og annað, sem þeir hafa látið frá sér fara eða fengist við og að gagni getur komið í störfum dómara, sbr. 4. gr. reglna nr. 970/2020. Þetta hefur óhjákvæmilega í för með sér að hæfni hvers umsækjanda til að gegna slíku embætti er vegin og metin í samanburði við hæfni annarra sem um embættið sækja. Þar skiptir m.a. máli hversu fjölbreytt starfsreynsla þeirra er og hve lengi þeir hafa fengist við störf, sem lagaþekkingu þarf til, þar sem reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi vegur tiltölulega þyngra en þau ár sem á eftir fylgja.

Eins og áður greinir hefur lögfræðileg þekking umsækjenda, ein og sér, ekki afgerandi áhrif við mat á hæfni þeirra, heldur er nauðsynlegt, eftir því sem kostur er, að meta færni þeirra til að nýta þá þekkingu við úrlausn mála fyrir dómi. Það er hins vegar erfiðleikum bundið nema fyrir liggi dómsúrlausnir eða stjórnisýsluúrskurðir, sem umsækjendur hafa samið drög að og þar sem reynt hefur á kunnáttu til að leysa úr ágreiningsmálum, ellegar stefnur, greinargerðir eða önnur sambærileg framlög þar sem þeir hafa þurft að greina slík viðfangsefni og færa eftir atvikum viðhlítandi rök að tiltekinni niðurstöðu. Meðal annars af þeim sökum hlýtur reynsla umsækjenda af þessum toga að veða þyngra við mat á hæfni þeirra til að gegna embætti héraðsdómara en önnur starfsreynsla, hvort sem er hjá dómstólum, innan stjórnisýslunnar eða á öðrum vettvangi, þ.m.t. reynsla af stjórnun og stefnumótun.

Í þessum þætti mats á hæfni umsækjenda er gengið út frá því að þeir uppfylli allir þær lágmarkskröfur sem gera verður til héraðsdómara skv. 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020. Þau sjónarmið, sem reifuð hafa verið að framan, hafa síðan verið lögð til grundvallar við mat á því hverjir úr hópi umsækjenda um dómaraembættin fjögur komi til greina, að áliti dómnefndar, að verða metnir meðal þeirra hæfustu, hvort sem er fjórir eða fleiri, þó að teknu tilliti til þess að allir nema tveir þeirra sækja um tvö embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og einungis hluti þeirra um embætti dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra.

Við mat á hæfni umsækjenda á grundvelli umsókna þeirra og gagna, sem þeim fylgdu, til að skera úr um hverjir þeirra skuli teknir til frekara mats skv. 6. gr. reglna nr. 970/2020 er úr vöndu að ráða vegna þess hve margir þeirra eru vel hæfir að mati dómnefndar til að gegna embætti héraðsdómara. Hverjir umsækjenda hafa orðið fyrir valinu ræðst eins og áður segir af innbyrðis samanburði á hæfni þeirra með skírskotun til þeirra sjónarmiða, sem reifuð hafa verið hér að framan, og upplýsinga sem fram koma um hvern og einn umsækjanda í kafla 5.1.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómnefndar að *Arnbjörg Sigurðardóttir, Björn L. Bergsson, Björn Þorvaldsson, Hlynur Jónsson, Hulda Árnadóttir, Jóhannes Rúnar Jóhannsson, Margrét Gunnlaugsdóttir, María Thejll, Nanna Magnadóttir, Ólafur Helgi Árnason og Sigurður Jónsson* komi öll til greina að verða metin hæfust umsækjenda í samræmi við það sem áður greinir. Nánar tiltekið hefur Arnbjörg verið sett héraðsdómari fyrir utan að búa að verulegri reynslu sem lögmaður og umtalsverðri stjórnsýslureynslu. Björn L. Bergsson, Hlynur, Hulda, Jóhannes Rúnar, Margrét, María, Ólafur Helgi og Sigurður eiga öll að baki langan lögmannsferil, þar af hafa þeir Björn, Jóhannes Rúnar og Sigurður verið sjálfstætt starfandi lögmennt í meira en 20 ár. Sem lögmennt hafa þessir átta umsækjendur, hver um sig, flutt fjölda mála í héraði og fyrir æðra dómi og flestir komið að einkamálum jafnt sem sakamálum. Að auki hafa þeir fengist við önnur störf, ekki síst innan stjórnsýslunnar, sem myndu nýtast þeim vel í starfi héraðsdómara. Þessu til viðbótar skal nefnt að Hlynur, Hulda og Margrét hafa lokið meistaraprófi í lögum við erlenda háskóla. Þá eiga María og Ólafur Helgi, sem bæði starfa sem lögmennt hjá embætti ríkislögmanns, að baki einkar fjölbreyttan starfsferil. Þannig hefur hún m.a. verið skrifstofustjóri í ráðuneyti og forstöðumaður rannsóknastofnana við Háskóla Íslands og hann m.a. skrifstofustjóri hjá einu af stærstu sveitarfélögum landsins auk þess að hafa nokkra reynslu af dómstörfum. Björn Þorvaldsson hefur starfað mjög lengi sem saksóknari og m.a. fengist í því starfi við vandasöm og yfirgripsmikil dómsmál fyrir utan að hafa öðlast annars konar starfsreynslu og lokið meistaraprófi í lögum við erlendan háskóla. Þá hefur Nanna gegnt um árabíl að aðalstarfi formennsku í úrskurðarnefnd innan stjórnsýslunnar sem mikið mæðir á og þar sem ágreiningsefnin eru stundum flókin

úrlausnar. Þar fyrir utan á hún að baki fjölbreytta starfsreynslu, m.a. sem aðstoðarmaður dómara, og hefur jafnframt lokið meistaraþrófi í lögum frá erlendum háskóla.

Að áliti dómnefndar standa aðrir umsækjendur þessum ellefu að baki að því er varðar hæfni til að gegna embætti héraðsdómara.

Þótt *Guðmundína Ragnarsdóttir* og *Jón Auðunn Jónsson* eigi bæði að baki langan lögmannsferil hafa þau ekki fengist við önnur störf, hvort sem er innan stjórnáslunnar eða á öðrum vettvangi sem máli skipta við mat á hæfni þeirra sem héraðsdómara. Sama á við um *Herdísi Hallmarsdóttur*, en líta verður á störf hennar í slitastjórn Landsbanka Íslands hf. sem hluta af lögmannsstörfum.

Þrátt fyrir að *Karl Óttar Pétursson* hafi sinnt lögmannsstörfum um langt skeið og búi að auki að tiltölulega fjölbreyttri reynslu af öðrum störfum verður að horfa til þess að lögmannsstörf hans voru á afmörkuðu sviði og er reynsla hans að því leyti einsleitari en þeirra sem valdir hafa verið til frekara mats. Þótt *Eva Halldórsdóttir* hafi lokið meistaraþrófi í lögum að loknu embættisþrófi hefur hún starfað sem lögmaður í mun skemmri tíma en þeir umsækjendur sem áður greinir. Sama á við um *Höskuld Þór Þórhallsson*. Þótt hann hafi verið aðstoðarmaður héraðsdómara um skeið og alþingismaður um árabíl er síðarnefnda starfið þess eðlis að það verður ekki lagt að jöfnu við störf dómara, lögmanna og þeirra, sem fást við að skera úr réttarágreiningi innan stjórnáslunnar, við mat á hæfni til að gegna dómaraembætti.

Arnór Snæbjörnsson og *Brynjólfur Hjartarson* eiga það sammerkt að hafa starfað í ráðuneytum um árabíl, þó Arnór hafi þar veigameiri reynslu. Í samanburði við þá umsækjendur, sem eiga verulega stjórnáslureynslu að baki eins og þeir tveir og valdir hafa verið til frekara mats, er starfsreynsla þeirra tveggja, sem hér er um rætt, einsleitari en hinna, auk þess sem hvorugur hefur lokið meistaraþrófi í lögum að loknu embættisþrófi.

Valborg Steingrimsdóttir hefur lengi starfað sem aðstoðarmaður héraðsdómara og hefur að auki nokkra reynslu af stjórnáslustörfum þótt hún sé minni en annarra umsækjenda sem búa yfir slíkri reynslu. Vegna þess að aðstoðarmenn fást ekki við að leysa úr ágreiningsmálum fyrir dómi á eigin ábyrgð verður reynslu þeirra ekki jafnað til reynslu af því að sinna störfum sem sjálfstætt starfandi lögmaður, einkum málflutn-

ingi fyrir dómi, eða kveða upp stjórnsluúrskurði í ágreiningsmálum og semja drög að þeim, svo að tvö dæmi séu nefnd.

6. Frekara mat á hæfni ellefu umsækjenda

6.1. Menntun og framhaldsmenntun

Arnbjörg Sigurðardóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2004.

Björn L. Bergsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1990.

Björn Þorvaldsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1993 og meistaraprófi (LL.M) í Evrópurétti frá Háskólanum í Lundu 2002. Á árunum 2002-2003 lagði hann ennfremur stund á meistaranám við Raoul Wallenberg stofnun háskólans án próftöku.

Hlynur Jónsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1996 og meistaraprófi í lögum (LL.M) frá Chicago-háskóla 1998.

Hulda Árnadóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 2001 og meistaraprófi í lögum (LL.M) frá Bristol-háskóla 2006.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1993 og meistaraprófi (MBA) á sviði stjórnunar og rekstrar frá Cambridge-háskóla 2019.

Margrét Gunnlaugsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1992 og diplómaprófi á sviði rekstrar og viðskipta 1999 frá Endurmenntunarstofnun sama skóla. Árið 2019 lauk hún meistaraprófi (LL.M) í alþjóðlegum og evrópskum viðskiptarétti frá Ludwig-Maximilians háskólanum í München.

María Thejll lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1990 og stundaði nám á sviði rekstrar og viðskipta við Endurmenntunarstofnun sama skóla í þrjár annir 1999-2000.

Nanna Magnadóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1998 og meistaraprófi í alþjóðlegum mannréttindalögum frá Raoul Wallenberg stofnun Háskólans í Lundu 2004.

Ólafur Helgi Árnason lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1988 og kennsluréttindanámi frá Kennaraháskóla Íslands 2005.

Sigurður Jónsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1983.

6.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Að virtu því, sem að framan greinir, er það mat dómnefndar að *Björn Þorvaldsson* standi fremstur umsækjenda í þessum matsþætti og síðan *Margrét*, en þau hafa bæði lokið meistaraprófi í lögum að loknu embættisprófi, auk þess sem hann hefur stundað frekara meistaranám á sviði lögfræði án próftöku og hún lokið diplómaprófi frá háskólastofnun í greinum, skyldum lögfræði. Á eftir þeim fylgja *Hlynur*, *Hulda* og *Nanna* sem öll hafa lokið meistaraprófi í lögum að loknu embættisprófi. Síðan *Jóhannes Rúnar*, sem lokið hefur slíku prófi í greinum, skyldum lögfræði, þá *María* og *Ólafur Helgi* jafnt sett. Loks koma *Arnbjörg*, *Björn L. Bergsson* og *Sigurður*, sem ekki hafa lagt stund á framhaldsnám, en setið eins og aðrir umsækjendur ýmis önnur námskeið að loknu embættisprófi.

6.2. Reynsla af dómstörfum

Arnbjörg Sigurðardóttir hefur tvívegis verið sett héraðdómari á árunum 2019 og 2020, alls í tæpt eitt ár. Að auki hefur hún starfað sem aðstoðarmaður héraðsdómara í samtals tæp fjögur ár með hléum.

Björn L. Bergsson hefur tekið sæti í Félagsdómi í tveimur málum.

Björn Þorvaldsson starfaði í einn og hálfan mánuð sem aðstoðarmaður héraðsdómara.

Hlynur Jónsson hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Hulda Árnadóttir hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson hefur setið í gerðardómi í tveimur málum.

Margrét Gunnlaugsdóttir hefur ekki reynslu af dómstörfum.

María Thejll hefur ekki reynslu af dómstörfum.

Nanna Magnadóttir var aðstoðarmaður héraðsdómara í samtals tvö ár.

Ólafur Helgi Árnason starfaði sem dómarafulltrúi hjá bæjarfógetanum í Kópavogi á árunum 1988-1992.

Sigurður Jónsson starfaði sem dómarafulltrúi hjá bæjarfógetanum á Akureyri og sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu á árunum 1983-1986 og sýslumanninum í Árnes-sýslu 1986-1988. Einnig hefur hann margt verið dómkvaddur sem matsmaður.

6.2.1. *Reynsla af dómstörfum – samanburður*

Samkvæmt framansögðu hafa níu umsækjendur einhverja reynslu af dómstörfum þótt í mismiklum mæli sé. Við mat á hæfni þeirra að því er þennan þátt varðar er fyrst og fremst litið til starfstíma tveggja þeirra sem héraðsdómara. Einnig er horft til starfa umsækjenda sem fulltrúa eða aðstoðarmanna dómara þótt þau störf hafi eðli máls samkvæmt mun minna vægi en störf sjálfstætt starfandi dómara, ekki síst ef langt er um liðið frá því þau voru innt af hendi. Þá kemur reynsla umsækjenda af því að hafa verið dómkvaddir matsmenn til álita hér, enda þótt henni verði á engan hátt jafnað til reynslu af því að hafa fengist við dómstörf.

Af því, sem áður segir, stendur *Arnbjörg* fremst umsækjenda í þessum matsþætti þar sem hún hefur verið settur héraðsdómari í næstum eitt ár auk þess að hafa starfað í tæp fjögur ár sem aðstoðarmaður héraðsdómara. Þar á eftir fylgja *Nanna, Ólafur Helgi* og *Sigurður*, en ekki verður gert upp á milli reynslu þeirra þriggja á þessu sviði. *Björn L. Bergsson, Björn Þorvaldsson* og *Jóhannes Rúnar* hafa mjög takmarkaða reynslu af dómstörfum í samanburði við þá, sem að framan greinir, og *Hlynur, Hulda, Margrét* og *María* hafa sem fyrr segir ekki gegnt þeim störfum.

6.3. *Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum*

Arnbjörg Sigurðardóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2007 og fyrir Hæstarétti 2013. Á árabílinu 2007-2018 eða í nærfellt 11 ár starfaði hún sem lögmaður á lögmannsstofu, þar af var hún 2014-2018 sjálfstætt starfandi. Á þessum tíma flutti hún mál fyrir dómi af flestum réttarsviðum, jafnt einkamál sem sakamál.

Björn L. Bergsson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1992 og fyrir Hæstarétti 1999. Hann var fulltrúi á lögmannsstofu á árunum 1990-1992 eða í liðlega tvö ár. Síðan starfaði hann sem lögmaður á árabílinu 1992-2017 eða í nærfellt 26 ár, þar af var hann nær allan þann tíma eða frá 1994 sjálfstætt starfandi. Meðan hann

var lögmaður flutti hann mjög fjölbreytileg mál fyrir dómi, jafnt einkamál sem sakamál. Hann var í teymi lögmannna, sem sinnir Neyðarmóttöku kynferðisbrota, 1995-2000. Þá átti hann einn sæti í slitastjórn fjármálafyrirtækis á árunum 2013-2017.

Björn Þorvaldsson hóf starfsferil sinn sem fulltrúi sýslumanns árið 1993 þar sem hann starfaði um fimm ára skeið og rak m.a. sakamál fyrir dómi. Frá árinu 2003 eða í liðlega 17 ár hefur hann fengist við flutning sakamála fyrir dómi, þ. á m. hefur hann á þeim tíma flutt mörg umfangsmikil og flókin efnahagsbrotamál á öllum dómstigum.

Hlynur Jónsson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1997 og fyrir Hæstarétti 2011. Hann var fulltrúi á lögmannsstofu á árunum 1996-1997 eða í rúmt eitt ár. Síðan starfaði hann sem lögmaður á slíkri stofu um þriggja ára skeið 1999-2002, en frá 2008 eða í tæp 13 ár hefur hann verið sjálfstætt starfandi lögmaður. Lögmannsferill hans spannar því alls tæp 16 ár. Á þeim tíma hefur hann flutt mál af mörgum réttarsviðum fyrir dómi, jafnt einkamál sem sakamál. Síðari árin hafa verkefni hans sem lögmanns einkennst af verkefnum, tengdum fjármálamarkaði, þ. á m. var hann í nokkur ár formaður slitastjórna þriggja fjármálafyrirtækja.

Hulda Árnadóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2003 og fyrir Hæstarétti 2018. Hún hefur starfað sem lögmaður á lögmannsstofu frá 2005 eða í rúm 15 ár, þar af sem sjálfstætt starfandi frá 2009. Á þessum tíma hefur hún flutt einkamál af margvíslegum toga fyrir dómi.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1995 og fyrir Hæstarétti 2002. Á árunum 1993-1994 starfaði hann sem fulltrúi ríkissaksóknara í rúmt ár þar sem hann fékkst m.a. við flutning sakamála og var 1994-1995 fulltrúi á lögmannsstofu um nokkurra mánaða skeið. Síðan 1995, ef frá er talið 15 mánaða tímabil þegar hann var lögmaður hjá fjármálafyrirtæki, eða í um 24 ár hefur hann starfað sem lögmaður, þar af hefur hann lengst af eða frá 1997 verið sjálfstætt starfandi. Hann hefur flutt mál fyrir dómi, jafnt einkamál sem sakamál, sem hafa snert flest svið lögfræði. Síðari árin hafa verkefni hans sem lögmanns einkennst af verkefnum, tengdum fjármálamarkaði, þ. á m. sat hann í skilanevnd Kaupþings banka hf. í þrjú ár og í slitastjórn bankans í tæp fjögur ár.

Margrét Gunnlaugsdóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2001 og fyrir Hæstarétti 2010. Frá því á árinu 2003, ef frá er talið eins og hálfis árs tímabil þegar hún dvaldi erlendis í námsleyfi, eða í um 15 og hálf á hefur hún starfað sem lögmaður, þar af hefur hún lengst af eða frá 1997 verið sjálfstætt starfandi. Á þessum tíma hefur hún flutt jöfnum höndum einkamál og sakamál fyrir dómi, en sérsvið hennar sem lögmanns verið á sviði fjölskyldu- og sífjaréttar. Frá árinu 2006 hefur hún verið í teymi lögmannna sem sinnir Neyðarmóttöku kynferðisbrota.

María Thejll öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1992 og fyrir Hæstarétti 2017. Hún var fulltrúi á lögmannsstofu í um tveggja ára skeið 1990-1992. Á árabílinu 1992-2000 eða í um átta ár starfaði hún sem lögmaður á sömu stofu, þar af var hún sjálfstætt starfandi frá 1998. Frá því í ársbyrjun 2017 eða í tæp fjögur ár hefur hún starfað sem lögmaður hjá embætti ríkislögmanns. Lögmannsferill hennar spannar því alls tæp 12 ár. Á þeim tíma hefur hún flutt fjölbreytileg mál fyrir dómi, jafnt einkamál sem sakamál.

Nanna Magnadóttir öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 2001, en hefur ekki reynslu af lögmanns- eða málflutningsstörfum.

Ólafur Helgi Árnason öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1993 og fyrir Hæstarétti 2008. Á árabílinu 2002-2008 starfaði hann hjá Landsbanka Íslands hf. þar sem hann flutti fjölda mála í héraði fyrir bankann. Sem skrifstofustjóri hjá Hafnarfjarðarbæ á árunum 2008-2015 flutti hann jafnframt nokkur mál fyrir bæinn og stofnanir hans. Frá 2015 eða í rúm fimm ár hefur hann starfað sem lögmaður hjá embætti ríkislögmanns.

Sigurður Jónsson öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1989 og fyrir Hæstarétti 1997. Hann hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður frá 1991 eða í rúm 29 ár. Á þeim tíma hefur hann flutt mál af flestum réttarsviðum fyrir dómi, jafnt einkamál sem sakamál.

6.3.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður

Tólf umsækjendur hafa fengist í mislangan tíma við lögmanns- og málflutningsstörf. Við samanburð á hæfni þeirra vegna reynslu af þeim störfum er litið til þess hve langan feril þeir eiga að baki sem lögmen, þ. á m. haft réttindi til flutnings mála fyrir

æðra dómi, en einnig horft til þess hvort störfin hafi verið fjölbreytileg þannig að þeir hafi fengist við mál á sem flestum réttarsviðum. Jafnframt skiptir máli hvort þeir hafi flutt vandasöm mál fyrir dómi, ekki síst Hæstarétti eða Landsrétti, svo og hvort önnur mál, sem þeir hafa fengist við sem lögmenn, hafi verið yfirgripsmikil og flókin úrlausnar. Þá verður höfð hliðsjón af störfum umsækjenda á lögmennsstofum áður en þeir fengu lögmennsréttindi og flutningi þeirra á sakamálum sem fulltrúar ríkissaksóknara og sýslumanna, en sú reynsla vegur þó tiltölulega lítið. Loks er tekið mið af því ef umsækjendur hafa í ríkum mæli sinnt öðrum viðfangsefnum samhliða lögmennsstörfum, en þau koma til mats í viðeigandi þáttum hæfnismats, svo sem viðamikil stjórnarsýslustörf og kennsla.

Samkvæmt öllu framansögðu standa *Björn L. Bergsson*, *Jóhannes Rúnar* og *Sigurður* fremstir umsækjenda í þessum matsþætti, en þeir hafa allir starfað við fjölbreytileg lögmennsstörf í meira en 20 ár. Þótt lögmennsferill *Sigurðar* sé lengri en hinna tveggja ber að líta til þess að þau mál, sem *Björn* og *Jóhannes Rúnar* hafa fengist við sem lögmenn, hafa mörg hver verið ærið flókin úrlausnar. Þegar störf þeirra þriggja, sem að framan greinir, eru virt í heild sinni eru ekki efni til að gera upp á milli lögmenns- og málflutningsreynslu þeirra. Næst þeim koma *Hlynur* og *Margrét*, síðan *Hulda*, þar næst *Arnbjörg* og *María*, þá *Björn Þorvaldsson* og loks *Ólafur Helgi*, en allir eiga þessir umsækjendur að baki langa lögmenns- og málflutningsreynslu. *Nanna* hefur sem fyrr segir ekki reynslu af lögmenns- og málflutningsstörfum.

6.4. Reynsla af stjórnarsýslustörfum

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnarsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Arnbjörg Sigurðardóttir var formaður kærunefnda fjöleignarhúsamála og húsa-leigumála og síðan kærunefndar húsamála á árunum 2010-2011 eða í rúmlega eitt ár. Þá sinnti hún 2016-2017 hluta af verkefnum bæjarlögmanns Akureyrarbæjar í fjarveru hans.

Björn L. Bergsson hefur komið að störfum nokkurra úrskurðarnefnda innan stjórnarsýslunnar, þ. á m. sat hann á árunum 2013-2017 í endurupptökunefnd, þar af var hann formaður hennar 2014-2017 eða í rúm þrjú ár. Einnig hefur hann verið

varaformaður kærunefndar jafnréttismála frá árinu 2011, en 2000-2011 var hann vara-
maður formanns í þeirri nefnd og tók þá iðulega sæti í henni. Hann var settur
ríkissaksóknari á árunum 2009-2011, sem svaraði 25% starfshlutfalli, til að fara með öll
mál gagnvart embætti sérstaks saksóknara. Einnig sat hann í stýrihópi dómsmála-
ráðherra um mótun ákærvaldsáætlunar 2015-2016. Þá var hann settur umboðsmaður
Alþingis í einu máli 2013. Frá ársbyrjun 2018 hefur hann gegnt embætti skrifstofustjóra
Landsréttar eða í tæp þrjú ár.

Björn Þorvaldsson var á árunum 1993-1998 fulltrúi sýslumanns og 1998-2000
ritari á nefndasviði Alþingis. Árið 2001 var hann settur sýslumaður um fjögurra vikna
skeið. Hann var fulltrúi hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra 2003-2006. Á
árunum 2007-2009 starfaði hann sem saksóknari hjá embættum ríkissaksóknara og
ríkislögreglustjóra. Hann var síðan saksóknari hjá embætti sérstaks saksóknara 2009-
2015, en frá byrjun árs 2016 hefur hann starfað sem sviðsstjóri við embætti héraðssak-
sóknara. Jafnframt hefur hann tekið þátt í fjölþjóðlegu samstarfi og verið í fyrirsvari
fyrir íslensk stjórnvöld, m.a. á vettvangi Evrópuráðsins, auk þess sem hann hefur átt
sæti í fjölmörgum nefndum og starfshópum á vegum ráðuneyta.

Hlynur Jónsson starfaði sem lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu á árunum
2002-2008 eða í rúmlega fimm ár, þar af var hann sviðsstjóri verðbréfasviðs stofnunar-
innar frá 2005. Í störfum hans fólst m.a. að rannsaka hugsanleg brot í starfsemi
fjármálafyrirtækja og var hann ráðinn til að sinna einni slíkri rannsókn eftir að hann
hætti störfum hjá stofnuninni. Samhliða þessu átti hann sæti í ýmsum nefndum, sem
skipaðar voru af ráðherrum, sem og sérfræðinganefndum á vegum evrópskra verð-
bréfaeftirlita.

Hulda Árnadóttir starfaði sem lögfræðingur hjá óbyggðanefnd á árunum 2001-
2005 eða í rúm fjögur ár. Frá 2007 hefur hún verið varamaður í nefndinni og komið þar
að fjölda úrskurða. Jafnframt hefur hún tekið þátt í störfum annarra úrskurðarnefnda
innan stjórnslunnar, þ. á m. átti hún sæti í í yfirfasteignamatsnefnd árin 2013-2019,
þar af sem formaður 2015-2019, í kjararáði 2014-2018 og í fjölmiðlanefnd 2015-2019, þar
af sem formaður 2017-2019.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson var fulltrúi ríkissaksóknara á árunum 2003-2004
eða í rúmt ár. Hann var varamaður og um tíma varaformaður í úrskurðarnefnd

skipulags- og byggingamála 1997–2005 og tók á því tímabili einu sinni sæti í nefndinni þar sem hann kom að samningu úrskurðar. Hann hefur setið í fastanefnd á sviði happdrættismála á vegum dómsmálaráðuneytisins frá árinu 2007. Þá sat hann í vinnuhópi sama ráðuneytis 2010 sem hafði það verkefni að yfirfara löggjöf um meðferð sakamála með það að augnamiði að einfalda og flýta meðferð þeirra.

Margrét Gunnlaugsdóttir starfaði sem sérfræðingur hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu á árunum 1992-1993, sem sérfræðingur á tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins 1993-1998 og sem sérfræðingur hjá embætti Tollstjórans í Reykjavík 2000-2003 eða samtals í um níu ár. Þá átti hún sæti í úrskurðarnefnd félagsþjónustu- og húsnæðismála árin 2010-2013.

María Thejll starfaði sem skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu á árunum 2000-2002 eða um tveggja ára skeið. Hún var forstöðumaður Lagastofnunar Háskóla Íslands árin 2003-2016 eða í nærfellt 14 ár, jafnframt því að gegna öðrum stjórnarsýslustörfum innan skólans. Þá var hún formaður eftirlitsnefndar með fjárhagslegri endurskipulagningu heimila og fyrirtækja 2009-2012.

Nanna Magnadóttir var skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur í átta mánuði á árinu 2002. Hún starfaði sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis 2002-2003. Á árunum 2003-2004 var hún aðstoðarmaður fastanefndar Íslands hjá Evrópuráðinu í Strassborg og starfaði síðan sem lögfræðingur hjá ráðinu, samtals í tæpt eitt og hálf ár. Árin 2005-2013 sinnti hún ýmsum stjórnarsýslustörfum erlendis fyrir Evrópuráðið, Sameinuðu þjóðirnar og loks Eystrasaltsráðið, alls í um átta og hálf árs skeið. Frá því í byrjun árs 2014 eða í nær átta ár hefur hún verið að aðalstarfi formaður og framkvæmdastjóri úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Ólafur Helgi Árnason var fulltrúi bæjarfógeta á árunum 1988-1992. Hann starfaði um fjögurra mánaða skeið árið 1999 hjá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). Árin 2008-2015 eða í um sjö ár var hann skrifstofustjóri hjá Hafnarfjarðarbæ

Sigurður Jónsson var fulltrúi bæjarfógeta og sýslumanns á árunum 1983-1986 og síðan sýslumannsfulltrúi 1986-1988. Hann var settur sýslumaður í einn og hálfan mánuð á árinu 1987. Þá var hann aðstoðarmaður dómsmálaráðherra 1989-1991 og sat í ýmsum nefndum á vegum Stjórnarráðsins í tengslum við það starf. Hann var

formaður yfirúttektarnefndar 1986-1993. Þá átti hann sæti í nefndum til að úrskurða um gildi sveitarstjórnarkosninga í tveimur sveitarfélögum árið 2018.

6.4.1. *Reynsla af stjórnsýslustörfum – samanburður*

Í þessum þætti hæfnismats hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta falið í sér reynslu af stjórnsýslustörfum. Í mörgum tilvikum hafa þau störf, sem hér um ræðir, verið innt af hendi samhliða aðalstarfi og veга þar af leiðandi ekki eins þungt þegar hæfni á þessu sviði er metin. Við það mat skiptir ennfremur máli hvort störfin nýtist dómaraefni sérstaklega, sbr. 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020, svo sem formennska í úrskurðarnefndum er halda má fram að verði, a.m.k. í sumum tilvikum, lögð að jöfnu við dómstörf. Störf ákæranda og fulltrúa þeirra eru í eðli sínu stjórnsýslustörf, enda þótt taka verði tillit til þess að þau eru einnig fólgin í málflutningi fyrir dómi sem fellur undir þann matsþátt. Eins og endranær verður litið til framangreindra starfa og þeim gefið vægi eftir eðli sínu, umfangi og fjölbreytni. Jafnframt verður horft til lengdar starfstíma, en einnig þess hversu langt er síðan störfin voru innt af hendi.

Að þessu öllu virtu stendur *Nanna* fremst umsækjenda í þessum þætti mats. Skiptir þar mestu máli að hún hefur í nær átta ár verið að aðalstarfi formaður og framkvæmdastjóri úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, en hún hefur í því starfi samið drög að niðurstöðu fjölmargra stjórnsýsluúrskurða nefndarinnar er fæst við mikinn fjölda ágreiningsefna á ári hverju sem sum hver eru flókin úrlausnar. Þar fyrir utan á hún að baki fjölbreytta stjórnsýslureynslu, hér á landi sem erlendis. Næstir henni koma *Björn L. Bergsson* og *Björn Þorvaldsson*, en ekki eru efni til að gera upp á milli fjölþættrar stjórnsýslureynslu þeirra tveggja þegar störf þeirra, sem að framan greinir, eru virt í heild sinni. Á eftir þeim kemur *María*, þá *Hulda* og *Margrét* jafnt settar, síðan *Ólafur Helgi* og þar á eftir *Hlynur*, en öll framangreind hafa um árabíl fengist við stjórnsýslustörf að aðalstarfi. Þar næst fylgir *Jóhannes Rúnar* og síðan jafnt sett *Arnbjörg* og *Sigurður*.

6.5. *Reynsla af fræðistörfum o.fl.*

6.5.1. *Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf*

Arnbjörg Sigurðardóttir kenndi refsirétt sem stundakennari við lagadeild Háskólans á Akureyri á árunum 2008-2017, auk sakamálaréttarfars 2017 og námskeiðs í málflutningi 2018. Þá hefur hún verið prófdómari við sömu deild.

Björn L. Bergsson hefur sinnt stundakennslu, í tvígang kennt fullnusturéttarfar við Háskólann á Bifröst og alls sex sinnum annast kennslu á sviði sakamálaréttarfars við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Þá hefur hann verið prófdómari við lagadeildir Háskóla Íslands og HR ásamt HB og leiðbeint ritgerðarnemum við lagadeild HR.

Björn Þorvaldsson hefur frá árinu 2010 haft sem stundakennari umsjón með kennslu á námskeiði um auðgunar- og efnahagsbrot við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Einnig hefur hann séð um og kennt námskeið um áþekkt efni 2020, svo og refsirétt 2010-2013 við Háskólann á Bifröst. Hann hefur verið prófdómari við lagadeild HR og HB og leiðbeint ritgerðarnemum þar sem og við Háskólann á Akureyri.

Hlynur Jónsson kenndi verðbréfamarkaðsrétt og félagarétt sem stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands á árunum 2007-2009. Einnig annaðist hann kennslu í þeim greinum og fleiri í MBA námi við Endurmenntunarstofnun skólans 2008. Hann hefur verið prófdómari og leiðbeint ritgerðarnemum við lagadeild HÍ.

Hulda Árnadóttir hefur kennt eignarétt sem stundakennari og síðar aðjúnkt við lagadeild Háskóla Íslands frá árinu 2003, jafnframt því að hafa fengist við kennslu í samningarétti og hugverkarétti, þ. á m. höfundarétti. Þá sinnti hún stundakennslu í fjölmiðlarétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík árið 2016 í samkeppnisrétti við Háskólann á Bifröst 2013-2015. Hún hefur verið prófdómari og leiðbeint ritgerðarnemum við lagadeildir HÍ og HR.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson var stundakennari í sakamálaréttarfari við lagadeild Háskóla Íslands á árunum 1996-2008. Þá var hann stundakennari og síðar aðjúnkt við lagadeild Háskólans í Reykjavík 2003-2016 þar sem hann kenndi félagarétt. Árið 2005 var hann stundakennari í félagarétti við Háskólann á Bifröst 2005. Að auki kenndi hann á sumarnámskeiði við viðskiptadeild HÍ 2009 og á námskeiðum Opna

háskólans 2011-2013, fyrst og fremst félagarétt. Ennfremur hefur hann frá árinu 2000 kennt á námskeiðum til öflunar málflutningsréttinda fyrir héraðsdómi. Þá hefur hann verið prófdómari við lagadeild HÍ og leiðbeint ritgerðarnemum við lagadeild HR.

Margrét Gunnlaugsdóttir hefur verið prófdómari í fjölskyldurétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

María Thejll kenndi kröfurétt sem stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands á árunum 2008-2016.

Nanna Magnadóttir hefur nýlega verið prófdómari í munnlegum prófum við lagadeild Háskóla Íslands.

Ólafur Helgi Árnason hefur sem stundakennari sinnt kennslu í lögfræði við verkfræðideild Háskóla Íslands í tvo vetur.

Sigurður Jónsson hefur hvorki kennt á háskólastigi né fengist við önnur sambærileg störf.

6.5.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður

Samkvæmt framansögðu stendur *Jóhannes Rúnar* fremstur á því sviði, sem hér um ræðir, og þá *Hulda*. Nokkru munar á kennslureynslu þeirra tveggja og *Arnbjargar* og *Björns Þorvaldssonar*, en ekki verður gert upp á milli reynslu þeirra tveggja síðastnefndu í þessum matsþætti. Þar á eftir fylgir *María*, þá *Björn L. Bergsson* og *Hlynur* jafnt settir, því næst *Ólafur Helgi* og loks jafnt settar *Margrét* og *Nanna*. *Sigurður* hefur sem fyrr segir ekki fengist við kennslu á háskólastigi eða önnur akademísk störf.

6.5.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.

Ambjörg Sigurðardóttir getur þess í umsókn sinni að hún hafi flutt einn opinberan fyrirlestur um lögfræðilegt efni.

Björn L. Bergsson hefur ásamt öðrum ritað eina óritrýnda fræðigrein um lögfræði. Þá hefur hann skrifað fjórar stuttar greinar sem birtust í *Lögmannablaðinu*. Jafnframt var hann í ritstjórn blaðsins um fjögurra ára skeið, þar af formaður í eitt ár.

Björn Þorvaldsson hefur skrifað eina stutta grein sem birtist í *Lögmannablaðinu*. Þá hefur hann haldið fyrirlestra um lögfræðileg efni við ýmis tækifæri.

Hlynur Jónsson hefur flutt a.m.k. níu fyrirlestra og erindi um lögfræðileg efni.

Hulda Árnadóttir hefur ásamt öðrum ritað eina ritrýnda fræðigrein um lögfræði auk a.m.k. þriggja bókarkafla um lögfræðileg efni. Þá hefur hún níu sinnum haft framsögu um slík efni við ýmis tækifæri.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson hefur ritað tvær óritrýndar greinar um lögfræði, fjallað um lögfræðilegt efni í umræðum sem birtar voru í lögfræðitímariti og skrifað þrjár stuttar greinar sem birtust í Lögmannablaðinu. Hann getur í umsókn sinni um 14 fyrirlestra og erindi sem hann hefur flutt hér á landi og erlendis, þ. á m. er fyrirlestur sem fluttur var á vegum Fjármálaeftirlitsins í Sviss um fall Kaupþings banka hf. og ályktanir sem draga má af því.

Margrét Gunnlaugsdóttir tilgreinir hvorki í umsókn sinni greinar eftir sig um lögfræði né annað sem fellur hér undir.

María Thejll var ritstjóri ritraðar sem Lagastofnun Háskóla Íslands gaf út með fræðilegum ritgerðum um lögfræðileg efni á árunum 2011-2016.

Nanna Magnadóttir hefur ritað eina óritrýnda grein um lögfræði. Hún var meðritstjóri tímarits Eyrstrasaltsráðsins á árunum 2009-2010. Þá hefur hún flutt fjölmarga fyrirlestra og erindi um lögfræðileg efni, hér á landi og erlendis.

Ólafur Helgi Árnason tilgreinir hvorki í umsókn sinni greinar eftir sig um lögfræði né annað sem fellur hér undir.

Sigurður Jónsson tilgreinir hvorki í umsókn sinni greinar eftir sig um lögfræði né annað sem fellur hér undir.

6.5.2.1. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður

Í þessum þætti er lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli ólíkra ritverka sem eru fyrst og fremst fræðigreinar. Sumt efnið er ritrýnt, en annað ekki. Þess ber þó að gæta í því sambandi að ekki tíðkaðist að ritrýna rit og greinar sem birtust á árum áður. Við matið er litið til gæða fræðiskrifa og jafnframt til fjölda, umfangs og fjölbreytni þeirra hjá hlutaðeigandi umsækjanda, auk þess sem horft er til þess hvort hann hafi ritað efnið einn eða í samvinnu við aðra. Þá er loks höfð hliðsjón af erindum og fyrirlesturum, sem umsækjendur hafa flutt, sem og ritstjórnarstörfum þeirra. Síðastnefndu þættirnir eru þó tiltölulega léttvægir í samanburði við útgefið efni.

Að þessu virtu stendur *Jóhannes Rúnar* fremstur umsækjenda í þessum þætti mats. Næstur honum kemur *Hulda* og síðan *Nanna*. Þar á eftir fylgir *Björn L. Bergsson*, þá *María*, síðan jafnt settir *Björn Þorvaldsson* og *Hlynur* og loks *Arnbjörg*. Þau *Margrét*, *Ólafur Helgi* og *Sigurður* hafa sem fyrr greinir ekki fengist við ritstörf eða annað sem fellur undir þennan þátt.

6.6. *Reynsla af stjórnun*

Arnbjörg Sigurðardóttir sá um rekstur eigin lögmannsstofu á árunum 2014-2018. Hún var formaður kærunefnda fjöleignarhúsa- og húsaleigumála og síðan húsamála 2010-2011. Þá var hún formaður skólanefndar Menntaskólans á Akureyri 2013-2017 og stjórnarformaður Rekstrarfélags verðbréfasjóða VÍ hf., síðar ÍV sjóða hf., 2011-2016. Frá árinu 2015 hefur hún verið stjórnarformaður Félags lögfræðinga á Norður- og Austurlandi.

Björn L. Bergsson stóð að rekstri lögmannsstofu á árunum 1994-2017. Frá ársbyrjun 2018 hefur hann verið skrifstofustjóri Landsréttar. Einnig var hann formaður endurupptökunefndar 2014-2017 og hefur verið varaformaður kærunefndar jafnréttismála frá árinu 2011.

Björn Þorvaldsson var staðgengill sérstaks saksóknara á árunum 2010-2015 og hefur frá því í ársbyrjun 2016 stýrt ákærusviði efnahags- og skattalagabrota hjá embætti héraðssaksóknara. Á þessum tíma hefur hann stjórnað jafnt stærri sem minni hópum við rannsókn flókinna sakamála. Þá var hann settur sýslumaður í einn mánuð og aðstoðarforstöðumaður nefndasviðs Alþingis um fimm mánaða skeið.

Hlynur Jónsson hefur staðið að rekstri lögmannsstofu frá því í ársbyrjun 2008. Á árunum 2005-2008 var hann sviðsstjóri verðbréfasviðs Fjármálaeftirlitsins og stýrði m.a. á þeim tíma fjölþjóðlegu teymi sérfræðinga við rannsókn á máli sem náði til nokkurra Evrópulanda. Árið 2009 var hann skipaður formaður í slitastjórnnum þriggja fjármálafyrirtækja, en því starfi fylgdu veruleg mannaforráð og stjórnunarverkefni. Þá var hann stjórnarformaður Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogs 2009-2012 og frá árinu 2015 hefur hann verið stjórnarformaður Spron ehf.

Hulda Árnadóttir hefur staðið að rekstri lögmannsstofu frá því í ársbyrjun 2009 og tók sæti í stjórn hennar 2017. Samhliða hefur hún verið framkvæmdastjóri dóttur-

fyrirtækis stofunnar frá árinu 2018. Einnig var hún varaformaður fjölmiðlanefndar 2015-2017 og formaður hennar 2017-2019, svo og formaður yfirfasteignamatsnefndar 2015-2019. Þá hefur hún verið formaður úrskurðarnefndar BÍlgreinasambandsins og Félags Íslenskra bifreiðaeigenda frá árinu 2020.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson hefur rekið lögmannsstofu nánast óslitið frá árinu 1997, ýmist einn eða með öðrum. Hann var í fyrirsvari fyrir slitastjórn Kaupþings banka hf. 2012-2015, en því starfi fylgdu mjög umfangsmikil mannaforráð og stjórnunarverkefni, enda um að ræða viðamesta mál sinnar tegundar hér á landi sem tengdi anga sína víða um heim. Þá hefur hann setið í stjórn Íslandsspila frá árinu 1998, lengst af sem formaður, og var varaformaður Rauða krossins á Íslandi 2002-2004.

Margrét Gunnlaugsdóttir hefur rekið lögmannsstofu nánast óslitið frá árinu 2005, ýmist ein eða með öðrum.

María Thejll var skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu á árunum 2000-2002. Hún gegndi starfi forstöðumanns Lagastofnunar Háskóla Íslands 2003-2016, jafnframt því sem hún var um árabil forstöðumaður tveggja annarra rannsóknastofnana skólans. Þá var hún skrifstofustjóri lagadeildar HÍ 2005-2007.

Nanna Magnadóttir var skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur um átta mánaða skeið á árinu 2002. Hún var staðgengill forstöðumanns skrifstofu Evrópuráðsins í Kósóvó 2005-2006 og síðar forstöðumaður hennar 2008-2009, en forstöðumaður svæðisáætlunar UNIFEM fyrir Suðaustur-Evrópu 2007-2008. Frá því í ársbyrjun 2014 hefur hún verið forstöðumaður og jafnframt formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Ólafur Helgi Árnason var skrifstofustjóri hjá Hafnarfjarðarbæ á árunum 2008-2015. Þá hefur hann verið formaður í deild íþróttafélags.

Sigurður Jónsson hefur stofnað og staðið fyrir rekstri þriggja lögmannsstofa frá árinu 1991. Hann var settur sýslumaður í einn og hálfan mánuð á árinu 1987 og starfsmannastjóri Sláturfélags Suðurlands á Selfossi 1988-1989. Þá var hann formaður yfirúttektarnefndar Árnassýslu árin 1986-1993, stjórnarformaður Eyvindartungu ehf. 2001-2010 og stjórnarformaður Landssamtaka raforkubænda á Íslandi 2005-2010.

6.6.1. *Reynsla af stjórnun – samanburður*

Í þessum þætti kemur til skoðunar reynsla umsækjenda af margvíslegum viðfangsefnum, sem eiga það öll sameiginlegt að hafa falið í sér stjórnun í einni eða annarri mynd, enda hafi þess verið getið í umsóknum þeirra. Við mat á hæfni umsækjenda er litið til þess í hverju slík stjórnunarstörf hafa verið fólgin og hve lengi þeir hafa sinnt þeim störfum.

Að því virtu teljast *Björn L. Bergsson* og *Jóhannes Rúnar* standa fremstir umsækjenda í þessum matsþætti og verður ekki gert upp á milli þeirra tveggja. Næst þeim kemur *Nanna*, þá *Hlynur*, þar næst *Hulda* og síðan *María*. Þar á eftir fylgja jafnt sett *Arnbjörg*, *Björn Þorvaldsson* og *Sigurður* og síðan jafnt sett *Margrét* og *Ólafur Helgi*.

6.7. *Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.*

Hér á eftir verða rakin önnur störf og verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við og nýtast myndu þeim í dómaraembætti að mati dómnefndar, enda hafi þeirra ekki áður verið getið, svo sem í köflum 6.4. og 6.6.

Arnbjörg Sigurðardóttir sat í stjórn Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV hf. á árunum 2009-2011 áður en hún tók þar við formennsku og í stjórn Félags lögfræðinga á Norður- og Austurlandi 2004-2009.

Björn L. Bergsson hefur samið drög að ýmsum reglum sem settar voru af Landsrétti vegna starfsemi réttarins. Þá átti hann sæti í stjórn Hörpu ohf. á árunum 2009-2011 og Situs ehf. 2009-2013.

Björn Þorvaldsson kom að því í starfi sínu hjá nefndasviði Alþingis á árunum 1998-2000 að semja drög að lagafrumvörpum fyrir þingmenn og álitum fyrir þingnefndir. Hann hefur tekið þátt í úttektum sérfræðingahóps Evrópuráðsins um varnir gegn spillingu í fjölmörgum ríkjum og starfsemi vinnuhóps OECD um mútur. Þá átti hann sæti í nefnd, sem skipuð var af ráðherrum um rannsókn og saksókn skattalagabrota og skilaði af sér tillögum árið 2019, en þær hafa leitt af sér að viðamikil lagafrumvarp um það efni hefur nýlega verið lagt fram á þingi.

Hlynur Jónsson átti, meðan hann starfaði hjá Fjármálaeftirlitinu, sæti í nefnd forsætisráðherra um viðurlög við efnahagsbrotum og skilaði nefndin m.a. af sér

drögum að viðamiklu frumvarpi til laga um viðurlög á fjármálamarkaði sem hann átti drjúgan þátt í að semja. Þá sat hann á sama tíma í nefndum, skipuðum af iðnaðar- og viðskiptaráðherra, til að semja drög að frumvörpum að nýjum lögum um verðbréfa- viðskipti og kauphallir.

Hulda Árnadóttir átti sæti í vinnuhópi sem samdi drög að frumvarpi til laga nr. 38/2011 um fjölmiðla og hefur síðar komið að samningu frumvarps til breytinga á þeim. Þá hefur hún setið í vinnuhópum á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðar- ráðherra sem hafa unnið við að semja drög að frumvörpum, sem ekki hafa orðið að lögum, sem og reglugerða á sviði fiskveiðistjórnunar. Árið 2019 var hún skipuð af ráðherra í verkefnastjórn um bætt eftirlit með fiskveiðiauðlindinni. Frá árinu 2017 hefur hún verið dómari við áfrýjunardómstól Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson sat í stjórn Lögmannafélags Íslands á árunum 2014-2016. Þá átti hann sæti í laganefnd félagsins 2002-2007, þar af sem formaður frá árinu 2003, en nefndin hefur það hlutverk að fara yfir og gera athugasemdir við lagafrumvörp. Hann átti sæti í skilanevnd Kaupþings banka hf. 2008-2011 og sat skamman tíma í stjórnnum Arion banka hf. og Kaupþings ehf. auk ýmissa dóttur- fyrirtækja fyrstnefnda bankans. Þá sat hann árin 1996-2004 í stjórn Rauða krossins á Íslandi og hefur komið að setningu laga og reglna fyrir hann.

Margrét Gunnlaugsdóttir kom í störfum sínum sem sérfræðingur hjá fjármála- ráðuneytinu að undirbúningi lagasetningar. Þá átti hún sæti í stjórn Félags kvenna í lögmennsku á árunum 2006-2010.

María Thejll hafði, í starfi sínu hjá Lagastofnun Háskóla Íslands, yfirumsjón með tveimur þjóðaratkvæðagreiðslum sem fram fóru á árunum 2011 og 2012. Einnig vann hún árið 2016 ásamt öðrum fyrir stofnunina úttekt á framkvæmd gjaldeyris- eftirlits Seðlabanka Íslands.

Nanna Magnadóttir kom að því, í starfi sínu sem formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, að semja frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefndina til að auka skilvirkni hennar. Þá beitti hún sér, sem aðalráðgjafi Eystrasaltráðsins, fyrir endurskoðun á verklagsreglum ráðsins og sem starfsmaður UNIFEM lét hún í té álit á drögum að jafnréttislögum Albaníu.

Ólafur Helgi Árnason starfaði sem lögfræðingur hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga á árunum 1992-1994 og síðan hjá Samtökum iðnaðarins 1994-2002. Þá átti hann sæti í nefnd, sem hafði það hlutverk að endurskoða þágildandi lög um opinber innkaup, og leiddi starf hennar til þess að samið var frumvarp til nýrra laga um það efni. Hann sat einnig í nefnd sem skilaði af sér drögum að frumvarpi til laga nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Sigurður Jónsson átti á árunum 2003-2008 sæti í kvörtunarnefnd Félags fasteignasala. Þá situr hann í stjórn Landssamtaka landeigenda á Íslandi.

6.7.1. *Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaræfni o.fl. – samanburður*

Eins og áður greinir koma einungis til álita við mat á hæfni umsækjenda í þessum þætti þau störf, sem ekki hafa verið felld undir aðra matsþætti, svo sem reynslu af stjórnslustörfum eða stjórnun. Ef umsækjandi hefur t.d. komið að samningu lagafrumvarpa sem starfsmaður ráðuneytis vegur það af þeim sökum ekki eins þungt hér og vinna við frumvarpsgerð sem sinnt er meðfram öðru starfi.

Sé litið til starfa umsækjenda, sem falla hér undir, telst *Ólafur Helgi* standa fremstur umsækjenda á þessu sviði, fyrst og fremst vegna þess að hann var að aðalstarfi lögfræðingur hjá Lífeyrissjóði verkfræðinga og Samtökum iðnaðarins um tíu ára skeið. Næstur honum kemur *Jóhannes Rúnar* og þá *Björn Þorvaldsson*, *Hlynur*, *Hulda* og *Nanna*, en ekki verður gert upp á milli þeirra fjögurra síðastnefndu. Þar á eftir fylgja jafnt settar *Margrét* og *María*, síðan jafnt sett *Arnbjörg* og *Björn L. Bergsson* og loks *Sigurður*.

6.8. *Almenn starfshæfni og andlegt atgeroi*

Í 3. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. reglnanna að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn

og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Svo sem áður greinir var m.a. áskilið í auglýsingu um hin lausu dómaraembætti að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Þær umsagnir, sem nefndin aflaði hjá þessum umsagnaraðilum um störf umsækjendanna ellefu og persónulega eiginleika þeirra, voru undantekningalaust jákvæðar í þeirra garð.

Af þessum umsögnum og athugunum nefndarinnar verður ráðið, eins og áður er fram komið, að allir umsækjendurnir ellefu uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður til starfshæfni héraðsdómara samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020.

6.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál, sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

6.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu

Hvað þennan þátt hæfnismats varðar hafa umsækjendurnir ellefu greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir einkum máli, þegar lagt er mat á hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu, hver sé reynsla hans af dóms- og málflutningsstörfum og hvert sé framlag hans í formi kennslu og fræðiskrifa á sviði réttarfars sem og aðkoma hans að samningu lagafrumvarpa á því sviði.

Það er álit dómnefndar að allir umræddir umsækjendur hafi með störfum sínum öðlast nægilegt vald á réttarfarsreglum til að geta sinnt störfum héraðsdómara. Að því sögðu er það niðurstaða nefndarinnar að *Jóhannes Rúnar Jóhannsson* standi öðrum umsækjendum framar í þessum þætti hæfnismats þar sem hann á að baki langa

reynslu af flutningi mála fyrir dómi, jafnt einkamála sem sakamála. Því til viðbótar hefur hann kennt réttarfar um langt árabil, bæði við háskóla og á námskeiðum til öflunar málflytninga fyrir héraðsdómi. Næst honum koma *Arnbjörg Sigurðardóttir* og *Björn L. Bergsson*. Þannig hefur hún fengist jafnt við dómstörf sem málflytning, en hann á að baki langa reynslu af málflytningi fyrir utan að hafa setið í endurupptökunefnd og verið skrifstofustjóri áfrýjunardómstóls, auk þess sem þau hafa bæði kennt réttarfar við háskóla. Þar á eftir fylgir *Björn Þorvaldsson* og síðan *Hlynur Jónsson*, *Hulda Árnadóttir*, *Margrét Gunnlaugsdóttir*, *María Thejll*, *Ólafur Helgi Árnason* og *Sigurður Jónsson*, en ekki verður gert upp á milli þeirra sjö síðastnefndu. Því næst *Nanna Magnadóttir*, sem hefur verið aðstoðarmaður héraðsdómara, en ekki flutt mál fyrir dómi.

6.9.2. *Að umsækjandi geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma, ritað þá á góðu máli og fært viðhlítandi rök fyrir dómsniðurstöðu*

Í 4. gr. reglna nr. 970/2020 er m.a. vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og viðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Ennfremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma. Eftir því sem umsækjandi hefur tileinkað sér betur þessi atriði, þeim mun færari er hann um að kveða upp dóm eða úrskurð í dómsmáli. Af dómsúrlausnum umsækjanda eða eftir atvikum greinargerðum og stjórnarsýsluúrlausnum hans má m.a. ráða hve vel hann er að sér þegar kemur að því að beita þeim réttarheimildum og skýra þau lög sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandi á með að reifa í stuttu máli og um leið með fullnægjandi hætti málsatvik og ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði, sbr. d- og f-liði 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og d-, f- og g-liði 2. mgr. 183. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Í samræmi við þetta hefur dómnefnd lagt sérstakt og rökstutt mat á hæfni hvers og eins umsækjendanna ellefu á þessu sviði. Hefur það verið gert á grundvelli nýlegra dómsúrlausna þeirra, greinargerða, sem þeir hafa ritað í málum er nýlega hafa verið

flutt fyrir dómi, einkum Landsrétti eða Hæstarétti, eða með því að skoða stjórnslu-úrskurði eða eftir atvikum álit úrskurðarnefnda innan stjórnslunnar, sem þeir hafa komið að. Ekki hefur þá aðeins verið horft til þeirra framlaga, sem fylgdu umsóknum umsækjenda, heldur einnig til annarra gagna, sem aðgengileg eru, svo sem heimilt er að gera skv. 3. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020.

Niðurstaða þessa mats dómnefndar er að *Arnbjörg Sigurðardóttir, Björn L. Bergsson og Jóhannes Rúnar Jóhannsson* hafi sýnt að þau væru færust umsækjendanna ellefu til að semja dóma ef þau yrðu skipuð héraðsdómarar. Er þá annars vegar horft til úrlausna Arnbjargar sem setts héraðsdómara sem bera órækt vitni um að hún á auðvelt með að leysa úr dómsmálum á þann hátt sem mælt er fyrir um í réttarfarslögum. Hins vegar er litið til nýlegra greinargerða Björns og Jóhannesar Rúnars, sem lagðar hafa verið fram í málum er þeir hafa flutt sem lögmenn fyrir æðra dómi, auk úrskurða endurupptökunefndar þar sem sá fyrrnefndi gegndi formennsku, en af þessum framlögum og reyndar öðrum störfum þeirra beggja verður dregin sú ályktun að þeir eigi auðvelt með að greina aðalatriði frá aukaatriðum og væru mjög færir til að semja dóma, jafnt í einkamálum sem sakamálum, fengju þeir tækifæri til þess. Hinir umsækjendurnir átta standa þessum þremur að baki að þessu leyti. Þó verður ráðið af þeim framlögum, sem sérstaklega hafa verið tekin til skoðunar samkvæmt framan-sögðu, að *Björn Þorvaldsson, Hlynur Jónsson, Hulda Árnadóttir, María Thejll og Ólafur Helgi Árnason* væru vel fær um að semja dóma.

6.9.3. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi

Dómnefnd telur að ályktun um þessi atriði verði einkum dregin af þeim störfum sem umsækjendur hafa gegnt á liðnum árum. Með tilliti til þeirra, svo og af því sem fram kom í viðtölum við umsækjendurna ellefu, lítur nefndin svo á að þeir séu allir hæfir til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál, sem þeim eru fengin, bæði skjótt og vel. Ekkert er fram komið sem gefur tilefni til að gera upp á milli þeirra að því er þetta varðar.

7. Niðurstaða dómnefndar

Verkefni dómnefndar skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 er að taka afstöðu til þess hverjir umsækjenda séu hæfastir til að gegna þeim fjórum embættum héraðs-dómara sem hér er fjallað um. Eins og áður greinir hafa þeir ellefu umsækjendur, sem komu að álitni nefndarinnar til greina að verða metnir hæfastir að loknu frummati á hæfni þeirra allra, sótt um þrjú af embættunum, en fjórir þessara ellefu um fjórða embættið. Verður tekið mið af þessu í umfjölluninni sem á eftir fer. Samkvæmt fyrrgreindu lagaákvæði er nefndinni heimilt að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna þegar metin er hæfni þeirra til að gegna einu dómaraembætti, sem auglýst hefur verið laust til umsóknar, og að sama skapi fjóra eða fleiri jafna sé um að ræða þrjú embætti. Ef embættin eru fleiri en eitt er heldur ekkert því til fyrirstöðu eins og lagaákvæðið er orðað og hefur verið skýrt að nefndin komist að þeirri niðurstöðu að einn eða eftir atvikum fleiri umsækjendur séu metnir hæfastir og einn eða fleiri umsækjendur komi næstir á eftir þeim þegar lagt er mat á hæfni þeirra til að gegna embættunum.

Að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 970/2020. Sjónarmiðin hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum. Niðurstaða nefndarinnar er byggð á heildstæðu og málefnalegu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að þeir hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum héraðsdómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmanns- og málflutningsstörfum og þeim stjórnáslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hefur þýðingu hvort þau verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við, séu fjölbreytileg, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi, þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki. Þótt farsæl starfsreynsla gefi mikilsverðar vísbendingar um hæfni umsækj- anda koma þó önnur atriði einnig til álita, ekki síst færni hans við lögfræðilega greiningu á álitamálum sem leysa þarf úr fyrir dómi.

7.1. Niðurstaða um hæfni umsækjenda um tvö embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og eitt embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjaness

Samkvæmt framansögðu sækja allir ellefu umsækjendurnir, sem um er fjallað í þessum kafla, um tvö embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og eitt embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjaness. Ef litið er til þeirra matsþátta, sem fjallað er um í köflum 6.1. – 6.8. og 6.9.1., þar sem reynsla af dómstörfum, reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum og reynsla af stjórnslustörfum vega þyngst og hafa jafn mikið vægi, hver þáttur um sig, er það álit dómnefndar að þeir ellefu umsækjendur, sem þar er fjallað um, hafi allir öðlast þá lögfræðipækkingu, sem gera verður kröfu um að héraðsdómari hafi til að bera, og séu vel hæfir til að gegna því embætti sé horft til menntunar þeirra og starfsreynslu. Séu umræddir matsþættir virtir í heild standa *Björn L. Bergsson* og *Jóhannes Rúnar Jóhannsson* fremstir umsækjenda í þeim matshluta og er munurinn á þeim svo óverulegur að nefndin telur ekki ástæðu til að greina á milli þeirra tveggja þegar um er að ræða menntun og starfsreynslu sem þeir hafa öðlast með aðal- og aukastörfum sínum. Eins og fram kemur í kafla 6.9.2. hafa þeir jafnframt sýnt með störfum sínum sem lögmennt og á öðrum vettvangi að þeir væru mjög vel færir um að semja dóma, jafnt í einkamálum sem sakamálum, fengju þeir tækifæri til þess. Með skírskotun til alls þess, sem að framan greinir, er það niðurstaða nefndarinnar að þeir séu hæfastir umsækjenda til að gegna umræddum dómaraembættum og ekki séu efni til að greina á milli hæfni þeirra tveggja.

Björn L. Bergsson hefur verið skrifstofustjóri Landsréttar í tæp þrjú ár. Áður hafði hann starfað sem lögmaður í nærfellt 26 ár, þar af nær allan tímann á lögmannsstofu sem hann átti og rak ásamt öðrum. Meðan hann var lögmaður flutti hann mikinn fjölda mála fyrir dómi, þ. á m. Hæstarétti, en hann öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir réttinum árið 1999. Af öðrum störfum má nefna að hann hefur setið í og verið varaformaður kærunefndar jafnréttismála frá árinu 2011 og átti sæti í endurupptökunefnd á árunum 2013-2017, þar af sem formaður hennar 2014-2017. Þá var hann settur ríkissaksóknari á árunum 2009-2011 til að fara með öll mál gagnvart embætti sérstaks saksóknara. Hann hefur verið stundakennari við lagadeildir

Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Bifröst og einnig ritað um lögfræði á opinberum vettvangi.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson hefur í um 24 ár starfað sem lögmaður, þar af nær allan tímann á lögmannsstofu sem hann hefur ýmist átt eða rekið einn eða í samstarfi við aðra. Á þessum tíma hefur hann flutt fjölda mála fyrir dómi, þ. á m. Hæstarétti og Landsrétti, en hann öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti árið 2002. Af öðrum störfum má nefna að hann sat í skilanefnd Kaupþings banka hf. á árunum 2008-2011 og var í fyrirsvari fyrir slitastjórn hans 2012-2015, en slit á þeim banka var viðamesta mál sinnar tegundar hér á landi og teygði anga sína víða um heim. Hann sat í stjórn Lögmannafélags Íslands á árunum 2014-2016 og í laganefnd félagsins 2002-2007, lengst af sem formaður hennar. Hann lauk meistaraprófi á sviði stjórnunar og rekstrar frá Cambridge-háskóla árið 2019. Þá hefur hann verið stundakennari við lagadeildir Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík og sinnt lagakennslu víðar, m.a. á námskeiðum fyrir þá sem hyggjast afla sér réttinda til að verða héraðsdómslögmennt. Einnig hefur hann ritað um lögfræði á opinberum vettvangi.

Sé litið í heild til matspáttanna, sem fjallað er um í köflum 6.1. – 6.8. og 6.9.1., með sama hætti og áður er lýst koma *Björn Þorvaldsson* og *Hulda Árnadóttir* næst þeim, sem á undan greinir, og standa þau að áliti dómnefndar jafnt að vígi þegar litið er til menntunar og starfsreynslu sem þau hafa öðlast með aðal- og aukastörfum sínum. Þá er þess getið í kafla 6.9.2. að þau hafi bæði sýnt með störfum sínum að þau væru vel fær um að semja dóma ef til þess kæmi. Samkvæmt því er það niðurstaða nefndarinnar að þau komi næst þeim tveimur, sem á undan greinir, og ekki séu heldur efni til að greina á milli hæfni þeirra tveggja til að gegna umræddum dómaraembættum.

Björn Þorvaldsson hefur í liðlega 17 ár fengist við rannsókn sakamála og ákvörðun um saksókn, svo og við flutning sakamála fyrir dómi, fyrst sem fulltrúi og síðar saksóknari. Hann varð saksóknari hjá embætti sérstaks saksóknara árið 2009 og gegndi því starfi þar til hann í byrjun árs 2016 tók við starfi sviðsstjóra ákærusviðs efnahags- og skattalagabrota við embætti héraðssaksóknara. Á ferli sínum sem saksóknari hefur hann m.a. flutt mörg umfangsmikil og flókin efnahagsbrotamál á öllum dómstigum. Áður en hann varð saksóknari starfaði hann í nokkur ár sem fulltrúi sýslumanns og síðar var hann um tveggja ára skeið ritari á nefndasviði Alþingis. Þá

lauk hann meistaraprófi í Evrópurétti frá Háskólanum í Lundi árið 2002. Hann hefur verið stundakennari við lagadeild Háskólans í Reykjavík og jafnframt fengist við lagakennslu í Háskólanum á Bifröst og Háskólanum á Akureyri.

Hulda Árnadóttir hefur starfað sem lögmaður á sömu lögmannsstofunni í rúm 15 ár og lengstum verið einn af eigendum stofunnar og situr nú í stjórn hennar. Á þessum tíma hefur hún flutt mörg mál fyrir dómi, einkum héraðsdómi, en hún öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti árið 2018. Áður en hún gerðist lögmaður vann hún í nokkur ár sem lögfræðingur hjá óbyggðanefnd. Af öðrum störfum má nefna að hún átti sæti í yfirfasteignamatnefnd á árunum 2013-2019, þar af sem formaður nefndarinnar frá 2015, og í fjölmiðlanefnd 2015-2019, þar af sem formaður frá 2017. Einnig sat hún í kjararáði á árunum 2014-2018. Frá árinu 2007 hefur hún verið varamaður í óbyggðanefnd þar sem hún hefur tekið sæti í fjölda mála. Þá lauk hún meistaraprófi í lögum frá Bristol-háskóla árið 2006. Hún hefur verið stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands og jafnframt sinnt kennslu í lögfræði við Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Bifröst. Einnig hefur hún ritað um lögfræði á opinberum vettvangi.

7.2. Niðurstaða um hæfni umsækjenda um eitt embætti héraðsdómara með fyrsta starfs- vettvang hjá Héraðsdómi Norðurlands eystra

Ef litið er í heild til matsþáttanna, sem fjallað er um í köflum 6.1. – 6.8. og 6.9.1., með sama hætti og áður er lýst stendur *Hlynur Jónsson* að áliti dómnefndar fremstur umsækjendanna fjögurra um umrætt dómaraembætti í þeim matshluta. Munurinn á honum og hinum þremur umsækjendunum um embættið, *Arnbjörgu Sigurðardóttur*, *Ólafi Helga Árnasyni* og *Sigurði Jónssyni*, er hins vegar ekki svo verulegur að hann ráði úrslitum um mat á hæfni þeirra, einn og sér. Vegna þess að svo háttar til skiptir enn meira máli en ella að horfa til mats á færni umsækjendanna fjögurra til að nýta þá lögfræðipækkingu, sem þeir búa yfir, við að leysa úr dómsmálum á skipulegan og rökstuddan hátt. Eins og áður greinir er það mat nefndarinnar, sbr. kafla 6.9.2., að Arnbjörg standi fremst umsækjendanna fjögurra í þeim matshluta vegna þess hve úrlausnir hennar sem setts héraðsdómara eru vel úr garði gerðar. Í umsögn dómstjóra Héraðsdóms Norðurlands eystra um hana kemur m.a. fram að hún hafi lagt mikið af

mörkum í starfi sínu sem settur dómari í þeirri erfiðu stöðu sem þar hafi komið upp vegna veikinda dómara. Jafnframt telur nefndin, sbr. kafla 6.9.2., að Hlynur og Ólafur Helgi séu meðal þeirra umsækjenda sem væru vel færir um að semja dóma ef til þess kæmi.

Með skírskotun til alls þess, sem að framan greinir, þá annars vegar færni Arnbjargar til að semja dóma og hins vegar hæfni Hlyns þegar litið er til menntunar og starfsreynslu, er það niðurstaða dómnefndar að þau séu hæfust umsækjendanna fjögurra til að gegna umræddu dómaraembætti og ekki séu efni til að greina á milli hæfni þeirra að því leyti.

Arnbjörg Sigurðardóttir hefur starfað sem aðstoðarmaður héraðsdómara í samtals tæp fjögur ár með hléum og á síðustu tveimur árum hefur hún tvívegis verið sett héraðsdómari, alls í tæpt ár. Áður starfaði hún í nærfellt 11 ár sem lögmaður, þar af rak hún í um fjögur ár eigin lögmannsstofu. Meðan hún var lögmaður flutti hún fjölda mála fyrir dómi, þ. á m. fyrir Hæstarétti, en hún öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir réttinum árið 2013. Af öðrum störfum má nefna að hún var um tíma formaður kærunefnda í fjöleignarhúsamálum og húsaleigumálum og síðar formaður kærunefndar húsamála eftir að fyrstnefndu nefndirnar tvær voru sameinaðar. Einnig hefur hún verið stjórnarformaður ÍV sjóða hf. og formaður skólanefndar Menntaskólans á Akureyri. Þá hefur hún verið stundakennari við lagadeild Háskólans á Akureyri.

Hlynur Jónsson hefur starfað sem lögmaður í tæp 16 ár, þar af hefur hann í tæp 13 ár rekið lögmannsstofu í félagi við aðra. Á þessum tíma hefur hann flutt mörg mál fyrir dómi, þ. á m. Hæstarétti, en hann öðlaðist réttindi til að flytja mál fyrir réttinum árið 2011. Áður starfaði hann í nokkur ár sem lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu, þar af var hann um þriggja ára skeið sviðsstjóri verðbréfasviðs stofnunarinnar. Af öðrum störfum má nefna að hann sat hann á árabílinu 2005-2007 í nokkrum ráðherra-skipuðum nefndum sem skiluðu m.a. drögum að viðamiklum lagafrumvörpum. Þá var hann á árinu 2009 skipaður formaður slitastjórna þriggja fjármálafyrirtækja og lauk umfangsmiklum slitum þeirra nokkrum árum síðar. Hann lauk meistaraprófi í lögum frá Chicago-háskóla árið 1998 og hefur verið stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands.

Ályktarorð:

Með skírskotun til 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að Björn L. Bergsson og Jóhannes Rúnar Jóhannsson séu hæfastir umsækjenda til að hljóta skipun í embætti tveggja héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjavíkur og embætti eins héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Reykjaness sem auglýst voru laus til umsóknar 25. september 2020. Ekki eru efni til að greina á milli hæfni þeirra tveggja. Jafnframt er það niðurstaða nefndarinnar að Björn Þorvaldsson og Hulda Árnadóttir komi næst þeim tveimur, sem áður greinir, og ekki séu efni til að greina á milli hæfni þeirra tveggja. Loks er það niðurstaða nefndarinnar að Arnbjörg Sigurðardóttir og Hlynur Jónsson séu hæfust umsækjenda um embætti eins héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang hjá Héraðsdómi Norðurlands eystra, sem auglýst var 25. september 2020, til að hljóta skipun í það embætti og ekki séu heldur efni til að greina á milli hæfni þeirra tveggja.

Reykjavík, 21. desember 2020

Eiríkur Tómasson

Heiðrún E. Jónsdóttir

Kristín Benediktsdóttir

Ragnheiður Harðardóttir

Sigríður Þorgeirsdóttir